

**Nd.**

**7. Frumvarp til laga**

[7. mál]

um vernd barna og ungmenna.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964.)

**I. KAFLI**

**Inngangur.**

**1. gr.**

Vernd barna og ungmenna tekur yfir þessi verkefni og úrræði:

1. Almenn eftirlit með aðbúð og uppeldi á heimili.
2. Eftirlit með hegðun og háttsemi utan heimilis.
3. Ráðstöfun í vist, í fóstur, til kjörforeldra eða á sérstakar uppeldisstofnanir.
4. Eftirlit með uppeldisstofnunum, svo sem barnahælum, vöggustofum, dagheimilum, leikskólum, sumardvalarheimilum, fávítahælum fyrir börn og ungmenni o. s. frv., sé eftirlitið ekki falið öðrum samkvæmt sérstökum lögum.
5. Eftirlit með börnum og ungmennum, líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín. Koma hér einkum til greina börn og ungmenni, blind, málhölt, fötluð, fávita og á annan hátt vangefin, svo og börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á siðferðislegum glapstigum.
6. Vinnuvernd.
7. Eftirlit með skemmtunum.

Með börnum er samkvæmt lögum þessum átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs, en ungmenni eru unglingar á aldurskeiði 16—18 ára.

**2. gr.**

Starf til verndar börnum og ungmennum rækja samkvæmt lögum þessum: barnaverndarnefndir og barnaverndarráð. Menntamálaráðuneytið hefur yfirstjórn barnaverndarmála.

Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð skulu leitast við að setja fram tillögur og ábendingar um úrræði, sem stuðla að því að búa börnum og ungmennum þroskasamleg uppeldisskilyrði, svo og að benda á félagsleg atriði, sem eru andstæð því uppeldistakmarki.

Barnaverndarnefndir og barnaverndarráð skulu kosta kapps um að leita samvinnu við forráðamenn skóla, heilsugæzlu og framfærslumála og aðra þá, sem fjalla um málefni barna og ungmenna.

### 3. gr.

Barnaverndarnefndarmenn og barnaverndarráðsmenn, fulltrúar þessara aðilja og annað starfslid á vegum þeirra eru opinberir starfsmenn og hljóta þá vernd, sem slíkum mönnum er tryggð, og bera skyldur samkvæmt því. Ber þeim að sýna börnum og ungmennum, er þeir fjalla um mál þeirra, alla nærgætni og mega ekki skýra óviðkomandi mönnum frá því, sem þeir verða visir í starfa sínum um einkamál manna og heimilisháttu.

## II. KAFLI

### Um barnaverndarnefndir.

#### 4. gr.

Barnaverndarnefnd skal vera í hverjum kaupstað og í hverjum hreppi landsins.

#### 5. gr.

Barnaverndarnefnd hefur eftirlit með uppeldi og hegðun barna til 16 ára aldurs, svo og ungmenna, ef þau eru líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín, og þá allt að 18 ára aldri.

#### 6. gr.

Bæjarstjórn (borgarstjórn) í kaupstað kýs barnaverndarnefnd, í Reykjavík 7 manna, í öðrum kaupstöðum 5 manna. Barnaverndarnefnd utan kaupstaða (sbr. 4. gr.) skal skipuð 3 mönnum og valin af hreppsnefnd. Skulu nefndarmenn vera kunnir að grandvarleik og bera sem bezt skyn á mál þau, sem barnaverndarnefnd fjallar um.

Um kjörgengi í barnaverndarnefnd fer eftir sömu reglum og um kjörgengi í sveitarstjórn, sbr. l. nr. 58 29. marz 1961, 19., sbr. 18. gr., og um þá kosningu fer eftir 37. gr. sömu laga eftir því sem við á, sbr. þó 8. gr. 1. málsg. hér á eftir.

Barnaverndarnefnd skal jafnan skipuð bæði konum og körlum. Kjósa skal með sama hætti jafnmarga varamenn í barnaverndarnefnd.

Í kaupstöðum skal leitast við að kjósa lögfræðing í barnaverndarnefnd, þar sem slíks er kostur.

#### 7. gr.

Kjörtími barnaverndarnefndar er hinn sami og bæjarstjórnar. Fyrsta kosning samkv. lögum þessum gildir þó einungis, þangað til bæjarstjórnarkosningar fara næst fram. Barnaverndarnefnd gegnir störfum, þar til ný nefnd hefur verið kosin.

Kjörtími barnaverndarnefnda er hinn sami og sveitarstjórnar, er kýs hana, þó svo að barnaverndarnefnd gegnir störfum, unz ný nefnd hefur verið kosin, sbr. einnig 58. gr.

Oddvitar (sveitarstjórar) og bæjarstjórar (borgarstjóri) skulu þegar eftir að kosning barnaverndarnefndar hefur farið fram skýra menntamálaráðuneytinu frá skipun nefndar.

#### 8. gr.

Það er borgaraskylda að taka kosningu í barnaverndarnefnd. Þó geta skorast undan kosningu þeir, er átt hafa sæti í nefnd allt síðasta kjörtímabil. Maður eldri en 60 ára getur skorast undan kosningu fyrir fullt og allt. Að jafnaði skal ekki kjósa í barnaverndarnefnd menn, sem eru eldri en 66 ára, þegar kosning fer fram.

Bæjarstjórnir (bæjarráð) og hreppsnefndir ákveða þóknun nefndarmanna, enda greiðist kostnaður af nefndarstörfum úr sveitarsjóði, þar með talin laun starfsfólks og önnur útgjöld við störf nefndarinnar.

**9. gr.**

Barnaverndarnefndarmenn skipta með sér störfum og kjósa formann, varaformann og ritara. Ritari heldur nákvæma fundarbók um störf nefndar og sendir barnaverndarráði skýrslu um þau fyrir apríllok ár hvert.

**10. gr.**

Barnaverndarnefnd skal, að fenginni heimild sveitarstjórnar, ráða eftir þörfum sérhæft starfslið, er annist dagleg störf í umboði hennar, svo og annað starfsfólk. Barnaverndarráð skal beita sér fyrir athugun á því, hvort kleift sé að ráða sérhæfða starfsmenn, er séu til ráðuneytis barnaverndarnefndum innan tiltekinna umdæma, t. d. fjórðunga eða smærri umdæma.

**11. gr.**

Um störf og starfsháttu fer að öðru leyti eftir IV. kafla þessara laga.

### III. KAFLI

#### Um barnaverndarráð.

**12. gr.**

Ráðherra skipar barnaverndarráð fyrir allt landið til 4 ára í senn, og nefnist það Barnaverndarráð Íslands. Skal það skipað 5 mönnum og hafa aðsetur í Reykjavík. Einn skal skipaður samkvæmt tillögu Prestafélags Íslands, annar samkvæmt tillögu Sambands íslenzkra barnakennara, þriðji samkvæmt tillögu Læknafélags Íslands, fjórði samkvæmt tillögu Félags íslenzkra sálfræðinga, en hinn fimmta skipar ráðherra án tilnefningar. Skal hann vera embættisgengur lögfræðingur og vera formaður ráðsins, en að öðru leyti skiptir það með sér störfum. Á sama hátt skulu skipaðir jafnmargir varamenn. Barnaverndarráðsmaður má ekki veita forstöðu uppeldisstofnun né vera í stjórn hennar. Eldri manni en 66 ára skal að jafnaði ekki skipa í barnaverndarráð.

Gerðir ráðsins skulu skráðar í fundabók.

Barnaverndarráð skal ráða í þjónustu sína sérfróðan mann um uppeldismál, er annist framkvæmdir og eftirlit á vegum þess, enn fremur annað starfsfólk við hæfi.

Ráðherra ákveður laun barnaverndarráðsmanna og starfsmanna þess og greiðast þau úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði við ráðið.

Um störf og starfsháttu barnaverndarráðs fer eftir V. kafla þessara laga.

### IV. KAFLI

#### Um störf og starfsháttu barnaverndarnefndar.

**13. gr.**

Barnaverndarnefnd er ályktunarfær, þegar fullur helmingur nefndarmanna situr fund, enda sé formaður eða varaformaður á fundi.

Nú á embættisgengur lögfræðingur ekki sæti í nefndinni, og skal héraðsdómari (í Reykjavík borgardómari) þá taka sæti í nefndinni sem meðlimur hennar með fullum réttindum og skyldum, ef fjalla á um töku barns af heimili, sviptingu foreldravalds, kröfu um, að barn skuli flutt frá fósturforeldrum, eða kröfu um, að felldur sé niður úrskurður um töku barns af heimili eða sviptingu foreldravalds. Ályktanir um þessi málefni fá ekki gildi, nema 2 nefndarmenn hið fæsta af 3, 3 af 4, 4 af 5, 5 af 7 og 6 af 8 gjaldi þeim jákvæði.

Nú hamlar nauðsyn barnaverndarmanni fundarsókn, og skal hann þá gera formanni viðvart með fyrirvara, ef unnt er. Boðar þá formaður varamann í hans stað.

14. gr.

Um vanhæfi nefndarmanna til meðferðar einstakra mála gilda ákvæði 36. gr. laga nr. 85/1936, eftir því sem við getur átt.

Öllum meiri háttar málum, er varða ráðstafanir gagnvart börnum eða forráðamönnum þeirra, skal ráðið til lykta með úrskurði. Úrskurður skal vera skriflegur og rökstuddur. Úrskurð skal tilkynna með ábyrgðarbréfi eða á annan jafntryggilegan hátt, og skal vekja athygli á, að heimild sé til málskots, sbr. 54. gr., ef því er að skipta.

Um starfsháttu barnaverndarnefnda, þ. á m. um boðun funda, bókun fundargerða og boðun varamanna, skulu sett nánari ákvæði í reglugerð, er menntamálaráðherra setur. Í reglugerð má einnig kveða á um verkaskiptingu innan hinna fjölmennari nefnda svo og um starfsmenn og ráðunauta barnaverndarnefnda.

15. gr.

Ef bráðan bug þarf að vinna að ráðstöfun, sem ber undir barnaverndarnefnd, getur formaður — eða fulltrúi í umboði hans — framkvæmt hana, en leggja skal málið til fullnaðarákvörðunar fyrir barnaverndarnefnd svo fljótt sem kostur er.

16. gr.

Við úrlausn barnaverndarmáls skal kosta kapps um að afla sem gleggstra upplýsinga um hagi barna eða ungmenna, sem í hlut eiga, tengsl þeirra við foreldra eða aðra forráðamenn og aðbúð þeirra á heimili, skólagöngu þeirra og hegðun á heimili og utan þess, svo og andlegt og líkamlegt ásigkomulag þeirra. Skal leita aðstoðar sérfræðinga, eftir því sem þörf krefur. Um öflun upplýsinga utan umdæmis nefndar gilda ákvæði 17. gr.

Barnaverndarnefnd eða þeim barnaverndarnefndarmönnum, fulltrúa nefndarinnar, starfsmönnum hennar eða öðrum, sem hún kann að fela það sérstaklega, er heimilt að fara á einkaheimili og barnaheimili til rannsóknar á högum barns og ungmennis, taka skýrslur af foreldrum eða forráðamönnum þess og kveðja fyrir sig til yfirheyrslu hvern þann í umdæmi hennar, er um kann að bera. Svo getur hún og krafizt vitnaleiðslu fyrir dómi til skýringar máli.

Þegar barnaverndarnefnd leysir úr máli, skal jafnan það ráð upp taka, sem ætla má að barni eða ungmenni sé fyrir beztu. Nefndinni ber jöfnum höndum að hafa hliðsjón af því, hvort dvöl barns á heimili kunni að hafa skaðlegar afleiðingar fyrir önnur börn, sem þar vistast. Enn fremur ber að forðast eftir föngum að sundra systkinahópi.

17. gr.

Barnaverndarnefnd, þar sem barn er dvalfast, á úrlausn um málefni þess, sbr. þó 35. gr. 3. málsg. Nú flyzt barn úr umdæmi nefndar, eftir að nefnd hefur tekið mál til meðferðar, og skal barnaverndarnefnd á hinu nýja heimili barnsins fjalla til fullnaðar um málið, en barnaverndarráð getur þó ákveðið, að nefnd sú, sem fyrst fjallaði um málið, ráði því til lykta.

Barnaverndarnefndir skulu veita hver annarri atbeina til skýringar málum og í framkvæmd hvers konar barnaverndarráðstafana.

18. gr.

Ef opinber starfsmaður verður í starfa sínum var við misfellur á uppeldi og aðbúð barna eða ungmenna, er honum skylt að gera barnaverndarnefnd viðvart. Sérstaklega er kennurum, prestum, læknum, ljósmæðrum, hjúkrunarkonum og þeim, sem fara með framfærslumál, skylt að fylgjast eftir föngum með hegðun og uppeldi barna og ungmenna og hafa náð samstarf við barnaverndarnefnd.

Um tilkynningarskyldu annarra manna fer svo sem segir í 46. gr.

19. gr.

Skylt er löggæzlumanni að aðstoða barnaverndarnefndir og gera þeim viðvart, ef hann verður þess vís, að ábótavant sé framferði, uppeldi eða aðbúð barns eða ungmennis.

Ef brot eru framin, sem börn eða ungmenni innan 18 ára eru viðriðin, ber löggæzlumanni og dómara þegar í stað að tilkynna það barnaverndarnefnd og veita henni þess kost að fylgjast með rannsókn máls og láta nefndarmenn, fulltrúa eða annan starfsmann vera viðstaddan yfirheyrslu. Getur dómari krafizt þess, ef honum þykir þörf.

20. gr.

Áður en meiri háttar barnaverndarmáli, sbr. 13. gr., er ráðið til lykta, ber að veita foreldrum eða öðrum forráðamönnum barns kost á að tjá sig um málið, munnlega eða skriflega, þ. á m. með liðsinni lögmanna, ef því er að skipta. Að jafnaði ber að veita barni eða ungmenni kost á að koma á fund barnaverndarnefndar, þegar svo stendur á.

21. gr.

Barnaverndarnefnd skal kosta kapps um að fylgjast sem bezt með framferði, uppeldi og aðbúð barna og ungmenna í umdæmi sínu og hafa stöðugt samband við aðra þá aðila, sem stöðu sinnar vegna öðlast vitneskju um þessi efni.

22. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd þess vís, að heimilishögum, uppeldisháttum, framferði foreldra, forráðamanna eða annarra heimilismanna, aðbúnaði eða hegðun barns sé ábótavant, og skal hún þá láta málið til sín taka á þann hátt, er bezt þykir við eiga, eftir því sem á stendur.

23. gr.

Ef barn verður forsjarlaust eða forsjármenn þess veita því ekki fullnægjandi framfærslu, skal barnaverndarnefnd aðstoða þá, sem láta sig hag þess varða, við að koma því í fóstur á gott heimili eða sjá því farborða með öðrum hætti, sbr. 38. og 39. gr. framfærslulaga nr. 80/1947, enda er óheimilt að vista börn á öðrum heimilum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, samþykkir.

24. gr.

Ef fjárhagur foreldra barns eða forráðamanna er svo bágborinn, að það nýtur ekki sómasamlegrar aðbúðar og uppeldis, skal barnaverndarnefnd hlutast til um, að ráðin verði bót á því. Ef barn líður skort vegna örbirgðar, skal barnaverndarnefnd þegar í stað gera nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta, og greiðist kostnaður úr bæjar-(sveitar-)sjóði, að svo miklu leyti sem almannatryggingum ber ekki að greiða hann. Jafnan skal þess gætt, að tilraun til aðstoðar við heimili fari á undan öðrum framkvæmdum til úrbóta, að því leyti sem við verður komið.

Ekki má taka barn af heimili eingöngu vegna örbirgðar foreldra eða forráðamanna.

25. gr.

Nú er barn sjúkt og fær ekki viðunandi hjúkrun eða læknishjálp, eða barn er fáviti eða að öðru leyti andlega vanþroska og fær ekki sérstaka umönnun, sem því er þörf á, og skal þá barnaverndarnefnd í samráði við heimilislækni, heilbrigðisyfirvöld og aðra sérfræðinga, ef því er að skipta, gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til verndar heilsu barns eða ungmennis. Sama er, ef heilsu barns eða ungmennis þykir stafa hættu af sjúkdómi, sem aðrir heimilismenn hafa tekið.

26. gr.

Nú verður barnaverndarnefnd þess vís, að uppeldi barns eða ungmennis, aðbúnaði eða atlæti er ábótavant vegna hirðuleysis foreldra eða forráðamanna, vankunnáttu þeirra, andlegra eða siðferðislegra annmarka, líkamlegrar eða andlegrar van-

heilsu, drykkjuskapar, eiturlyfjanautnar, lauslætis eða annars siðleysis, refsiverðs athæfis o. s. frv., og skal þá barnaverndarnefnd gera viðeigandi ráðstafanir. Kemur þá m. a. til greina að leiðbeina foreldrum og forráðamönnum og áminna þá, skipa heimili eftirlitsmann, eiga hlut að því, að sjúklingi eða annmarkamanni verði komið brott af heimili, eða taka barn af heimili, ef það þykir bezt henta, og má þá fela öðrum forræði barnsins. Ef ungmenni yfir 16 ára á í hlut, skal barnaverndarnefnd fara eftir ákvæðum 31. gr., eftir því sem við á.

Það er borgarakvöð að taka skipun sem eftirlitsmaður heimilis samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, en eldri maður en 60 ára getur þó skorazt undan kvaðningu.

#### 27. gr.

Ef barnaverndarnefnd þykir barni eða ungmenni háski búinn af háttsemi eða framferði heimamanns, svo sem vegna deyfilyfjanautnar, ofdrykkju eða annars ósæmilegs athæfis, en því gæti annars liðið vel á heimilinu, er henni skylt, ef umvandanir og aðrar ráðstafanir koma ekki að haldi, að kæra málið fyrir valdsmanni þeim, er í hlut á. Er honum þá skylt að gera ráðstöfun, sem tryggi hag barnsins eða ungmennisins að þessu leyti, og í því skyni jafnvel heimilt að víkja manni brott af heimili um stundarsakir eða til frambúðar, ef hann bætir ekki ráð sitt, sbr. 47. gr.

#### 28. gr.

Ef barnaverndarnefnd verður þess vís, að hegðun barns sé ábótavant, svo sem vegna ódælsku og óknytta, slæpingsháttar, flækings, befls, vanrækslu á námi, drykkjuskapar eða annarrar óreglu, lauslætis eða lögbrota, skal barnaverndarnefnd hefjast handa um viðeigandi aðgerðir, þar á meðal rannsókn sérfræðinga. Skal hún þá ráðgast um við foreldri eða forráðamenn, áminna barnið og reyna eftir föngum að leiða það á rétta braut. Ef barn er í skóla eða við nám, skal barnaverndarnefnd ráðgast við kennara eða meistara um betrun á hegðun þess, en við dómara, ef um lögbrot er að tefla. Ef nauðsyn þykir bera til, skal barnaverndarnefnd láta taka barn brott af heimili og fá því góðan samastað á heimili til umsjár eða í vist á hæli eða uppeldisstofnun, enda sé höfð hliðsjón af annmörkum þess, sbr. 26. gr., og skulu þeim, sem við því taka, veittar leiðbeiningar um, hvernig með það skuli fara. Sá, sem tekur við slíku barni, skal ekki láta það frá sér fara án vitundar barnaverndarnefndar á staðnum, né þeirrar, er barninu hefur ráðstafað.

Þegar annmarkabarn eða ungmenni, sbr. 31. gr., er vistað á heimili, skal þess gætt, að á heimilinu séu ekki önnur börn eða ungmenni, sem ætla má, að stafi hætta af sambúð við það.

Nú verður barn 16 ára á heimili, hæli eða uppeldisstofnun, þar sem barnaverndarnefnd hefur komið því fyrir, og skal þá sú ákvörðun barnaverndarnefndar haldast, þar til hún ákveður annað. Rétt er aðila, þegar hann er orðinn 16 ára, eða lögráðamanni hans að bera málið á ný undir barnaverndarnefnd og barnaverndarráð.

Um skilorðsbundna niðurfellingu saksóknar fer eftir ákvæðum 56. gr. laga nr. 19/1940, sbr. l. nr. 22 3. maí 1955, 3. gr., og um niðurfellingu saksóknar samkv. 24. gr. laga nr. 82 21. ágúst 1961, sbr. 30. gr. laga nr. 19 12. febr. 1940, sbr. l. nr. 17 31. marz 1962, 1. gr.

#### 29. gr.

Ef barnaverndarnefnd ráðstafar barni eða ungmenni til dvalar í umdæmi annarrar barnaverndarnefndar, skal hún tilkynna það þeirri barnaverndarnefnd, sem þá ber að fylgjast með högum þess. Jafnframt ber þeirri nefnd skylda til að sjá um, að barnið eða ungmennið skipti ekki um dvalarstað nema með leyfi þeirrar barnaverndarnefndar, er barninu hefur ráðstafað. Barnaverndarnefnd í dvalarumdæmi barns skal skylt að láta barnaverndarnefnd í heimilisumdæmi þess fylgjast með högum þess með skýrslugjöf eða á annan hátt.

30. gr.

Þegar barni er ráðstafað brott af heimili, sbr. 26. og 28. gr., skal leggja áherzlu á, að því sé séð fyrir lögskipaðri fræðslu eða fræðslu við sitt hæfi, ef annmarkabarn á í hlut. Nú er barn fullra 15 ára, og skal þá barnaverndarnefnd leitast við að ráðstafa því til þess starfs eða náms, er bezt svarar til hæfis þess og því má að gagni koma. Kostnaður af þessu greiðist hlutfallslega af ríkissjóði og sveitarsjóðum samkv. fræðslulögum, séu foreldrar eða framfærendur ekki aflögufærir.

31. gr.

Ef ungmenni eldra en 16 ára er haldið annmörkum þeim, er í 28. gr. getur, skal barnaverndarnefnd reyna að bæta hegðun og framferði þess með leiðbeiningum og áminningum, viðuræðum við venzlafólk, húsbændur, kennara, meistara o. s. frv.

Ef ungmenni lætur skipast við áminningar barnaverndarnefndar og fellst á, að því sé komið í vist eða til náms, er barnaverndarnefnd skylt að veita atbeina sinn til þess, enda ráðstafi dómari eða ráðherra ekki á annan veg ungmenni, sem framið hefur lögbrot og eldra er en 15 ára. Jafnframt þessu koma m. a. til greina ákvæði 56. gr. laga nr. 19 12. febr. 1940, sbr. 1. nr. 22 3. maí 1955, 3. gr.

Nú hefur ungmenni lokið vist, sem því hefur verið fengin samkvæmt ákvæðum þessara laga, og skal þá barnaverndarnefnd sú, sem í hlut á, veita því atbeina sinn til þess að komast í vist, í atvinnu eða til náms við þess hæfi.

31. gr. a.

Nú telur barnaverndarnefnd, að ekki verði hjá því komið að taka barn af heimili, og skal þá leita eftir samþykki foreldra eða annarra lögráðamanna til þeirrar ráðstöfunar. Ef það fæst ekki eða samþykki er tekið aftur, skal fara með mál samkvæmt því, er 13. gr. mælir fyrir um. Ef barn er forsjárlaust, tekur nefndin þegar við forsjá þess og hlutast eftir atvikum til um, að því sé skipaður lögráðamaður.

Þegar barn er tekið af heimili samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar, hverfur forsjá þess til nefndarinnar að svo stöddu, en nefndin getur falið forsjá þess einstökum mönnum, þ. á m. forstöðumanni uppeldisstofnunar eða aðilja, er tekur barn til framfærslu eða fósturs. Heimilt er að svipta foreldri, annað eða bæði, foreldravaldi, sbr. 13. gr., ef ákvæði 26. og 28., sbr. 31. gr. eiga við og nauðsyn krefur, og hlutast nefndin þá til um, að barninu verði skipaður lögráðamaður að svo stöddu.

32. gr.

Áður en ættleiðingarleyfi er veitt, skal dómsmálaráðuneyti leita umsagnar barnaverndarnefndar, sbr. 8. gr. laga nr. 19/1953. Skal hún kynna sér gaumgæfilega hagi og uppeldishæfi væntanlegs kjörforeldris og hagi kjörbarns, áður en umsögn er látin uppi.

33. gr.

Skylt er barnaverndarnefnd að halda skrá um þau börn og ungmenni, sem sérstök ástæða er til að fylgjast með vegna umkomuleysis eða annmarka, sömuleiðis yfir þau börn, sem njóta ekki umsjonar forsjármanna.

34. gr.

Enginn má taka barn eða ungmenni í fóstur, nema með samþykki barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi hans. Skal sú barnaverndarnefnd kynna sér gaumgæfilega hagi og uppeldishæfi væntanlegra fósturforeldra og hagi barnsins, þar á meðal skal nefndin kynna sér heilsufar aðilja og heimilisfólks væntanlegra fósturforeldra. Nefndin veitir ekki samþykki sitt til þess, að barn verði tekið í fóstur, nema tryggilegt þyki, að barn njóti góðrar aðhlyningar og uppeldis á fósturheimili og ekkert sérstakt geri það varhugavert að fallast á umsóknina.

Enginn má ráðstafa barni til fósturs, nema til aðilja, sem fengið hefur samþykki barnaverndarnefndar til þessa samkv. 1. málsg.

#### 34. gr. a.

Nú kemst barnaverndarnefnd að raun um, að þeir, sem hafa barn í fóstri, vanræki uppeldi þess, atlæti eða aðbúnað, og skal hún þá gera þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar þykja til verndar barni eða ungmenni, og koma þá m. a. þau úrræði til greina, er getur í 26. gr. Auk þess getur barnaverndarnefnd lagt bann við því, að fósturforeldrar þessir taki börn framvegis.

Þegar barnaverndarnefnd ráðstafar barni í fóstur, skal hún gera sér allt far um að velja heimili við hæfi þess. Þá skal eftirlitsmaður barnaverndarnefndar í heimilisumdæmi barnsins koma á fósturheimili eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

Barnaverndarnefnd er jafnan heimilt að úrskurða, að barn, sem er í fóstri, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldrum, ef þar fer vel um það, þótt þeir, er foreldraráð hafa yfir barni, kalli eftir því.

#### 35. gr.

Óheimilt er að koma á fót eða reka barnaheimili, þar með talin vistheimili, dagheimili og leikskólar, eða aðra slíka uppeldisstofnun, nema leyfi menntamálaráðherra komi til. Áður en leyfi er veitt, skal leita umsagnar barnaverndarráðs. Ekki má fela forstöðu slíks heimilis eða stofnunar öðrum en þeim, sem barnaverndarnefnd sú, er í hlut á, telur þar til hæfa, eða barnaverndarráð, ef hæli er ætlað til viðtöku börnum eða ungmennum úr fleiri barnaverndarumdæmum en einu.

Barnaverndarnefnd ber að hafa eftirlit með barnahælum og uppeldisstofnunum í umdæmi sínu, þar með talin sumardvalarheimili, og fylgjast með högum og aðbúð barna þar. Skal hún jafnan fylgjast með, hvað verður um börn, sem tekin eru af slíkum barnaheimilum, nema sumardvalarheimilum, og samþykkja þá staði, sem þau fara til. Skal hún gæta þess vandlega, að ekki séu rekin í umdæmi hennar önnur hæli eða stofnanir en þær, sem hlotið hafa löggildingu lögum samkvæmt.

Nú stendur sveitarfélag eða aðiljar innan þess fyrir rekstri barnaheimilis í öðru umdæmi, og skal barnaverndarnefnd í sveitarfélagi, sem rekur heimilið eða þaðan sem heimilið er rekið, hafa eftirlit með því á þann hátt, sem segir í 2. málsg. Sömu-leiðis ber barnaverndarnefnd að fylgjast með högum barna, er ráðstafað kann að vera úr hennar umdæmi á barna- eða sumardvalarheimili í öðru umdæmi, þ. á m. með beinu eftirliti a. m. k. einu sinni á ári.

Ef meðferð barns á barnahæli eða uppeldisstofnun er óhæfileg eða rekstri slíks hælis eða stofnunar á annan hátt ábótavant, skal barnaverndarnefnd með leiðbeiningum og áminningum leitast við að bæta úr því, sem áfátt er. En komi það ekki að haldi, skal hún leggja málið fyrir barnaverndarráð. Ef barnaverndarráð fær eigi úr bætt, getur það svipt forstöðumann starfanum og ráðherra svipt hæli eða stofnun rétti til rekstrar áfram að fengnum tillögum barnaverndarráðs og barnaverndarnefndar. Bera má mál þessi undir dómstóla, en ekki frestar það framkvæmd úrskurðar barnaverndarráðs eða ráðherra.

#### 36. gr.

Áður en ráðstafað er samkvæmt lögum þessum barni eða ungmenni, sem er líkamlega, andlega eða siðferðislega miður sín, sbr. 5. tölul. 1. gr., skal barnaverndarnefnd eða barnaverndarráð, ef unnt er, láta kunnáttumann rannsaka barnið eða ungmennið og segja til, hvernig með skuli fara.

Ríkisstjórn skal í þessu skyni setja á stofn og reka athugunarstöð eða stöðvar að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Þar, sem athugunarstöð er sett, skal leita umsagnar viðkomandi barnaverndarnefndar um stað, stærð og fyrirkomulag. Á athugunarstöð skulu barnaverndarnefndir hvaðanæva af landinu eiga kost á að vista til bráðabirgða börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á siðferðislegum glapstigum, og önnur börn, sem skyndilega þarf að ráðstafa um stuttan tíma, unz athugun þeirra er lokið og þeim ráðstafað til frambúðar.

Ráðherra setur reglugerð um starfsháttu þessarar stöðvar eða stöðva í samráði við barnaverndarráð.



37. gr.

Ríkisstjórninni er skylt að setja á stofn og reka hæli, þar sem vistuð skulu börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Skulu hæli þessi vera a. m. k. tvö, annað handa stúlkum, en hitt handa piltum. Ráðherra setur reglur um vist barna og ungmenna á hælum þessum, fræðslu, uppeldi og aga þar.

Hvert slíkt hæli svo og hæli, sem rekin kunna að vera af félögum eða einstaklingum, skal hafa sérstaka stjórnarnefnd, 3—5 manna, sem skipaðir eru af ráðherra til 4 ára í senn, að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Skal hún hafa nákvæmt og stöðugt eftirlit með rekstri þess, aðbúð og uppeldi barna þar og aðstoða forstöðumenn við stjórn heimilisins. Nánari ákvæði um stjórnarnefnd skulu sett í reglugerð.

Líkamlegum refsingum skal ekki beita í slíkum stofnunum.

Um greiðslur fyrir börn og ungmenni á hælum þessum og öðrum hælum og stofnunum handa börnum og ungmennum, sem í 35. gr. getur, fer samkv. lögum nr. 78 1936.

38. gr.

Rétt er barnaverndarnefnd í samráði við sveitarstjórn að semja um meðlag með barni eða ungmenni, er hún ráðstafar í fóstur eða á annan hátt samkvæmt lögum þessum. Slíkt meðlag skulu framfærendur barnsins greiða, séu þeir þess umkomnir, en ella framfærslusveit barnsins. Verði ágreiningur um upphæð meðlags milli framfærenda og/eða framfærslunefndar annars vegar og barnaverndarnefndar hins vegar, skal menntamálaráðuneytið leggja úrskurð á málið til fullnaðar. Að öðru leyti greiðist kostnaður úr sveitarsjóði, sbr. þó 24. og 37. gr. þessara laga.

Allan kostnað, sem barnaverndarnefnd kann að hafa af hvers konar ráðstöfun barna og ungmenna úr öðrum umdæmum, skulu sveitarsjóðir þeirra umdæma endurgreiða, ef ekki er öðruvísi ákveðið í lögum.

39. gr.

Barnaverndarnefnd skal hafa eftirlit með því, að barni eða ungmenni sé ekki ofþjakað við þunga eða óholla vinnu, með löngum vinnutíma, vökum eða óreglulegum vinnuháttum.

Eigi má ráða barn yngra en 15 ára til vinnu í verksmiðju, enda hafi það lokið fullnaðarprófi barnafræðslu eða burtfararprófi. Eigi má hafa yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára við vinnu í skipum, nema skólaskipi eða æfingaskipi. Yngri menn en 18 ára mega eigi vera kyndarar eða kolamokarar, og eigi mega yngri menn en 19 ára starfa við vélgæzlu á skipum. Eigi má ráða yngri karlmenn en 15 ára og eigi yngri konur en 18 ára til vinnu í loftfari. Til iðnaðarnáms má eigi ráða barn yngra en 16 ára.

Rétt er ráðherra að setja reglugerðir, er taki yfir landið í heild, ef við á, en annars einstök umdæmi, þar sem nánar er kveðið á um aldur barna til vinnu í tiltekinni starfsgrein, hvíld, aðbúð, orlof og önnur vinnuskilyrði barna og ungmenna í tilteknum starfsgreinum og við tiltekin störf starfsgreinar. Þá skal einnig setja ákvæði í reglugerð, er sporni við yfirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu barna og ungmenna, og kveða á um hámarksvinnutíma svo og eftir atvikum læknisskoðun til úrlausnar um það fyrir fram, að vinna sé ekki barni eða ungmenni um megn. Enn fremur skal setja ákvæði í reglugerð, er sporni við vinnu barna og ungmenna með tækjum, er sérstök slyshætta stafar af.

Rétt er, að ákvæði reglugerða um vinnuvernd barna og ungmenna taki m. a. yfir vernd sendisveina í starfi, þar á meðal útbúnað flutningatækja þeirra; takmörkun á blaðasölu barna og ungmenna og annarri verzlunarstarfsemi þeirra; störf barna og ungmenna í veitingahúsum og opinberum skemmtistöðum og þátttöku þeirra í opinberri skemmtistarfsemi, svo og önnur störf, sem siðferði þeirra getur stafað hætta af.

Brot gegn ákvæðum greinar þessarar, svo og brot gegn ákvæðum reglugerða,

er settar eru samkvæmt henni, varða sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum. Auk refsingar má svipta mann réttindum samkv. almennum hegningarlögum, ef miklar sakir eru.

39. gr. a.

Ráðherra er heimilt að mæla svo fyrir, að hverju barni eða ungmenni á aldurs-skeiði 12—18 ára sé skylt að bera vegabréf og sýna það, þegar þess er krafizt af löggæzlumönnum og eftirlitsmönnum, svo sem dyravörðum. Binda má notkun slíkra vegabréfa við einstök umdæmi, og er ráðherra skylt að mæla fyrir um vegabréfs-skyldu í umdæmi, ef barnaverndarnefnd og sveitarstjórn æskja þess.

Lögreglustjórar annast útgáfu vegabréfa. Um gerð þeirra og innihald svo og nánari reglur um notkun þeirra skal mælt í reglugerð. Kostnaður við útgáfu þeirra greiðist úr ríkissjóði.

Brot gegn reglum, sem settar verða samkvæmt grein þessari, varða sektum allt að 10 000 krónum.

40. gr.

Barnaverndarnefnd skal vinna gegn áfengisneyzlu barna og ungmenna og aðstoða í því efni áfengisvarnarnefnd í umdæmi sínu, og m. a. stuðla að því, að þeir, sem veita eða selja þeim áfengi, sæti ábyrgð lögum samkvæmt.

41. gr.

Barnaverndarnefnd er skylt að hafa í umdæmi sínu eftirlit með leiksýningum og öðrum opinberum sýningum, svo og hvers konar öðrum skemmtunum. Er þeim, sem veita slíkum skemmtunum forstöðu, skylt að veita barnaverndarnefnd kost á því að kynna sér efni þeirra á undan almenningi. Ef barnaverndarnefnd telur skemmtun skaðsamlega eða óholla sálarlífi barna, getur hún bannað, að börn innan ákveðins aldurs fái aðgang að henni, sbr. þó um kvikmyndasýningar 56. gr. 3. málsg. Skulu þá forstöðumenn skemmtunar geta þess á sinn kostnað í auglýsingum um hana.

Ef forstöðumaður brýtur gegn reglum, sem honum eru settar samkv. ákvæðum greinar þessarar, varðar það sektum eða varðhaldi allt að 4 mánuðum, nema þyngri refsing liggja við að lögum.

42. gr.

Rétt er að setja með reglugerð ákvæði til verndar börnum og ungmennum gegn siðspillandi áhrifum, vondum fordæmum og freistingum.

Rétt er að takmarka í reglugerð útivistir barna og ungmenna á kvöldum og nóttum, ferðir út í skip og banna þeim aðgang að opinberum skemmtistöðum, sem eru ekki við barna og ungmenna hæfi.

Í reglugerð má leggja bann við starfa kvenna innan 18 ára á veitingahúsum og skemmtistöðum, þar sem ætla má, að siðferði þeirra sé sérstök hætta búin.

Rétt er að takmarka í reglugerð heimild manna til að fela börnum og ungmennum fjárhæðir í vörzlu eða til umráða og hafa tiltekin verzlunarviðskipti við börn.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar, sem sett er samkv. grein þessari, varðar sömu viðurlögum og brot gegn ákvæðum 39. gr.

43. gr.

Ef maður viðhefur í návist barns eða ungmennis ósiðlegt, ruddalegt eða ósæmi-legt orðbragð eða athæfi, ertir það eða dregur dár að því eða særir það á ósæmi-legan hátt eða beitir það refsingum, ógnunum eða hótunum og slíkt orðbragð eða athafnir má telja því skaðsamlegar andlega eða líkamlega, þá varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 3 árum.

44. gr.

Ef maður leiðir barn eða ungmenni allt að 18 ára á siðferðislega glapstigu, varðar það sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 4 árum.

Það varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi, ef maður verður áskynja um brot

samkvæmt 1. mgr. og lætur ógert að afstýra því, ef honum er það fært, eða gera hlutaðeigandi löggæzlumanni eða barnaverndarnefnd viðvart.

45. gr.

Ef foreldrar, forráðamenn, forstöðumaður eða starfsmaður barnahælis eða uppeldisstofnunar, kennari, meistari eða aðrir, sem forsjá barns og ungmennis allt að 18 ára er falin, leiða það á siðferðislega glapstigu, misbjóða því eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög, að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hættu búin, þá varðar það refsingu samkvæmt 191. gr. laga nr. 19 1940. Þegar maður er dæmdur til refsingar eftir grein þessari, má beita hann ákvæðum 65. og 68. gr. sömu laga.

46. gr.

Hver, sem verður þess vís, að foreldrar, forráðamenn, kennari, meistari eða aðrir þeir, sem forsjá barns eða ungmennis er falin, leiða það á siðferðislega glapstigu, misbjóða því eða vanrækja á annan hátt uppeldi þess svo mjög, að líkamlegri eða andlegri heilsu þess eða þroska sé mikil hættu búin, skal skyldur að tilkynna það barnaverndarnefnd, þar sem barnið er.

Vanræksla í þessu efni varðar sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að tveim árum.

Annars er hverjum manni rétt að gera barnaverndarnefnd viðvart um hvert það tilvik, sem telja má, að barnaverndarnefnd eigi að láta sig skipta.

47. gr.

Það varðar mann sektum eða varðhaldi allt að 3 mánuðum, ef hann heimsækir gegn forboði barnaverndarnefndar, barnaverndarráðs eða dómara barn eða ungmenni, sem ráðstafað hefur verið samkvæmt lögum þessum eða almennum hegningarlögum. Hver, sem á brott nemur barn eða ungmenni, er ráðstafað hefur verið samkvæmt lögum þessum, tælir það til brotthlaups, leynir því eða aðstoðar það við að strjúka, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 2 árum.

Sömu refsingu varðar það mann, ef hann óhlýðnast úrskurði valdsmanns að vikja brott af heimili samkvæmt 27. gr. eða sækir á heimili, eftir að honum hefur verið vikið þaðan. Beita má hér ákvæðum 65. gr. laga nr. 19 1940.

Hver, sem annars tálmar rannsókn eða framkvæmd, sem fram á að fara samkvæmt lögum þessum, gefur ranga eða villandi skýrslu þeim, sem slíka rannsókn eða framkvæmd á að annast, eða hlýðir ekki því, sem lagt er fyrir hann samkvæmt heimild í lögum, skal sæta sektum eða varðhaldi allt að 4 mánuðum, enda varði brotið ekki þyngri refsingu samkvæmt ákvæðum þessara laga eða annarra.

## V. KAFLI

### Um störf og starfsháttu barnaverndarráðs.

48. gr.

Barnaverndarráð er ályktunarfært, ef allir ráðsmenn sitja fund og þrír þeirra fylgjast að máli. Til ráðstafana þeirra, sem um getur í 1. mgr. 13. gr. laga þessara, þarf þó samþykki fjögurra barnaverndarráðsmanna.

Nú hamlar nauðsyn barnaverndarráðsmanni fundarsókn, og skal hann þá gera formanni viðvart með fyrirvara, ef unnt er. Boðar þá formaður varamann í hans stað.

49. gr.

Hlutverk barnaverndarráðs er að hafa yfirumsjón starfa allra barnaverndarnefnda á landinu og fara með úrskurðarvald barnaverndarmála samkvæmt 54. gr. Skal það veita barnaverndarnefndum hvers konar leiðbeiningar um starfa þeirra, skilning á lagaákvæðum, er þær varða, o. s. frv.

50. gr.

Nú verður barnaverndarráð þess vist, að barnaverndarnefnd rækir ekki störf þau, sem henni eru falin í lögum, og skal barnaverndarráð þá krefja hana skýrslna og halda henni til að rækja skyldu sína.

51. gr.

Ef barnaverndarráði þykir ástæða til, getur það tekið mál í umdæmi barnaverndarnefndar til meðferðar og lagt fyrir hana að framkvæma sérstakar ráðstafanir í því, hvort sem hún hefur áður um fjallað eða ekki. Fer um tilhögun rannsóknar í því efni eftir því, sem við á, á sama hátt sem um starfa barnaverndarnefnda.

Skylt er barnaverndarnefnd að framkvæma samþykktir barnaverndarráðs, nema framkvæmd þeirra heyrir undir önnur stjórnvöld.

Ef beita verður valdi við framkvæmd ákvörðunar barnaverndarnefndar eða barnaverndarráðs samkvæmt lögum þessum, heyrir slík valdbeiting undir fógeta eða lögreglu, ef brýna nauðsyn ber til. Fulltrúi barnaverndarnefndar eða barnaverndarráðs skal þó ávallt vera viðstaddur slíkar framkvæmdir.

52. gr.

Barnaverndarráð heimtir ársskýrslur frá barnaverndarnefndum og gefur út útdrátt úr þeim ásamt skýrslu um störf sín ekki sjaldnar en annað hvert ár. Ráðherra getur, að fengnum tillögum barnaverndarráðs, beitt dagsektum, 50—100 kr. á dag, ef barnaverndarnefnd vanrækir að standa skil á fyrirskipuðum skýrslum.

53. gr.

Barnaverndarráð hefur yfirumsjón allra barnaheimila og uppeldisstofnana á landinu, þ. á m. sumardvalarheimila, og beint eftirlit með hælum þeim og uppeldisstofnunum, sem ætluð eru til viðtöku börnum og unglingum hvaðanæva af landinu. Skal það fela einum eða fleirum ráðsmanna eða sérstökum fulltrúa að vitja til eftirlits hvers hælis eða stofnunar svo oft sem þurfa þykir og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Er forráðamanni þeirrar stofnunar, er í hlut á, skylt að greiða fyrir eftirliti og veita eftirlitsmanni færi á að rannsaka börn og ungmenni, sem þar eru vistuð, húsakynni þeirra, þrif, heilsufar, mataræði, aðbúnað og þroska, veita honum aðgang að skýrslum, bókum og reikningum stofnunarinnar o. s. frv.

Tálmanir gegn framkvæmd eftirlits varða refsingu að lögum, sbr. 3. gr. og 47. gr., 3. mgr.

54. gr.

Foreldrar eða aðrir forsjármenn barns svo og aðrir þeir, sem hagsmuna eiga að gæta vegna ráðstafana barnaverndarnefnda, geta borið mál undir barnaverndarráð til fullnaðarúrskurðar. Er ráðinu skylt að taka málið til skjótrar meðferðar og úrlausnar. Ákvæði 14., 15., 16. og 20. gr. eiga hér einnig við, og getur barnaverndarráð mælt fyrir um formlegan málflutning fyrir ráðinu.

Málskot til barnaverndarráðs frestar ekki framkvæmd ákvörðunar barnaverndarnefndar. Þegar sérstaklega stendur á, getur barnaverndarráð þó ákveðið, að framkvæmd ályktana barnaverndarnefndar skuli frestað, unz ráðið hefur fellt úrskurð sinn.

Barnaverndarráð getur metið að nýju bæði lagahlið málsins og sönnunargögn þess. Það getur ýmist staðfest úrskurðinn að niðurstöðu til eða hrundið honum að nokkru eða öllu, þar á meðal mælt fyrir um aðrar ráðstafanir en barnaverndarnefnd. Þá getur ráðið einnig vísað málinu til nefndarinnar til meðferðar að nýju, svo og aflað gagna sjálft eða fyrir atbeina barnaverndarnefnda eða með öðrum hætti, ef því er að skipta.

Nú verður barnaverndarráð þess áskynja, að barnaverndarnefnd hafi gert ráðstöfun andstætt lögum, og ber barnaverndarráði þá að láta mál til sín taka, þótt því hafi ekki verið skotið til ráðsins.

55. gr.

Í reglugerð, er menntamálaráðherra setur, skulu sett nánari ákvæði um starfs-  
háttu barnaverndarráðs, þ. á m. um boðun funda, bókun fundargerða, boðun vara-  
manna svo og um verkaskiptingu innan ráðsins, um starfsmenn ráðsins og ráðu-  
nauta, svo og skrifstofuhald ráðsins.

## VI. KAFLI

### Um skoðun kvikmynda.

56. gr.

Enga kvikmynd má sýna börnum innan 16 ára aldurs, nema að undangenginni  
athugun, sem framkvæmd sé af þar til hæfum mönnum. Ráðherra tilnefnir, að  
fengnum tillögum barnaverndarráðs, 3—5 sérstaklega þar til hæfa menn til fimm  
ára í senn, til þess að annast skoðun kvikmynda. Skulu þeir ekki vera eldri en  
65 ára.

Skoðunarmenn skulu meta, hvort mynd geti haft skaðsamleg áhrif á siðferði  
eða sálarlíf barna eða á annan hátt. Skulu þeir hverju sinni ákveða, hvort mynd  
sé óhæf til sýningar börnum innan 12 ára eða börnum á aldurskeiði 12—16 ára.

Skoðun kvikmynda fer fram í Reykjavík. Úrskurður skoðunarmanna skal fylgja  
hverri mynd, og gildir hann hvarvetna á landinu.

Tveir skoðunarmenn hið fæsta skulu skoða hverja mynd. Greini þá á, skal  
hinn þriðja kveðja til, eftir því sem nánar verður ákveðið í reglugerð, og ræður  
þá meiri hluti, hvort hana á mynd eða ekki.

Sá, er skoðunar beiðist, skal greiða kostnað við hana, þar á meðal þóknun til  
skoðunarmanna, eftir ákvörðun ráðherra.

Um starfshætti kvikmyndaeftirlitsins og starfsemi þess skulu sett nánari ákvæði  
í reglugerð, er ráðherra setur.

Ef forstöðumaður kvikmyndahúss brytur gegn ákvæðum þessarar greinar eða  
ákvæðum reglugerðar, settum samkvæmt henni, varðar það sektum, nema þyngri  
refsing liggji við að lögum.

## VII. KAFLI

### Niðurlagsákvæði.

57. gr.

Um rannsókn og meðferð brota, sem refsing er lögð við í lögum þessum, fer  
að hætti opinberra mála.

58. gr.

Barnaverndarráði er heimilt að stofna til námskeiða og fyrirlestra fyrir með-  
limi barnaverndarnefnda og starfsmenn þeirra. Kostnaður af því greiðist úr ríkis-  
sjóði.

59. gr.

Lög þessi taka gildi þegar í stað, og eru þá numin úr gildi lög nr. 29 9. apríl  
1947, um vernd barna og ungmenna, svo og lög nr. 20 16. apríl 1955 og lög nr. 58  
18. apríl 1962, um breytingar á þeim lögum, og önnur þau lög, er fara í bága við  
þessi lög.

Menntamálaráðuneytið hlutast til um, að barnaverndarnefndir séu kosnar í  
hreppum samkvæmt ákvæðum laga þessara, og er kjörtími þeirra það, sem eftir er  
af kjörtímabili hreppsnefndar, er kaus nefndina, en barnaverndarnefnd gegnir þó  
störfum, unz ný nefnd hefur verið kosin. Barnaverndarnefndir þær, er nú starfa,  
halda áfram störfum til þess tímamarks, er greinir í 7. gr.

Menntamálaráðuneytið hlutast til um, að barnaverndarráð sé skipað samkvæmt  
ákvæðum 12. gr. svo fljótt sem föng eru á, enda fellur niður umboð núverandi barna-  
verndarráðs, er hið nýja ráð er fullskipað.

Menntamálaráðherra skipar eftir gildistöku laga þessara kvikmyndaeftirlitsmenn, sbr. 56. gr., enda fellur þá niður umboð núverandi kvikmyndaeftirlitsmanna.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### I.

Á árinu 1961 skipaði menntamálaráðherra, dr. Gylfi Þ. Gíslason, nefnd manna til að endurskoða lög um vernd barna og ungmenna. Í nefndinni áttu sæti Sveinbjörn Jónsson, hrl., formaður barnaverndarráðs, og var hann formaður, Ármann Snævarr, prófessor, Guðmundur Vignir Jósefsson, hrl., þáverandi formaður barnaverndarnefndar Reykjavíkur, séra Gunnar Árnason, dr. Gunnlaugur Þórðarson, stjórnarráðsfulltrúi, Magnús Sigurðsson, skólustjóri og prófessor Símon Jóh. Ágústsson. Nefndin hefur samið frumvarp þetta og fylgdi því svofelld greinargerð:

„Nefndin viðaði að sér ýmsum gögnum um erlenda barnaverndarlöggjöf, einkum frá Norðurlöndum. Barnaverndarlöggjöf hefur nýlega verið endurskoðuð í Noregi og Svíþjóð, og fór þá fram vandleg og víðtæk könnun og úttekt þessara mála. Hefur verið mjög lærdómsríkt að fylgjast með því starfi. Á síðustu árum hefur mikið verið rætt um réttaröryggi í úrlausnum stjórnvalda, og hafa þær umræður einnig haft áhrif á störf nefndarinnar. Fyrst og fremst hefur nefndin þó gert sér far um að kynna sér framkvæmd íslenzkrar barnaverndarstarfsemi og kanna, hverjir agnár séu á löggjöf um þá starfsemi eða hverjar breytingar að öðru leyti séu tímabærar. Nefndarmenn hafa í því efni byggt á eigin reynslu af meðferð þessara mála, skýrslum barnaverndaryfirvalda síðustu áratugi, og auk þess hafa þeir haft samband við ýmsa þá, sem mesta hafa reynslu á þessu sviði hér á landi.

Frumvarp það, er nefndin hefur samið, hreyfir við mörgum greinum laganna. Þótti því haganlegt til yfirlits að setja tillögur hennar fram í heildarfrumvarpi, en ekki sem breytingartillögur við einstakar greinar.

### II.

Fyrstu lög um barnavernd hér á landi voru sett árið 1932, sbr. lög nr. 43/1932. Raunar gætti nokkuð fyrir þann tíma ákvæða í lögum, sem vörðuðu vernd barna og ungmenna, og má í því sambandi minna á ákvæði laga um skilorðsbundna refsisdóma, laga um óskilgetin börn, svo og ákvæði fátækralaga og skólalaga. Var stofnað nokkru síðar hér á landi til allsherjarlagasetningar um barnavernd en annars staðar á Norðurlöndum, þar eð fyrstu lög hér á Norðurlöndum um þetta efni voru sett í Noregi 1896, í Svíþjóð 1902 og Danmörku 1905.

Barnavernd hvílir á ýmsum stoðum frá sögulegu sjónarmiði, breyttu viðhorfi almennt einkum á 19. öldinni til félagslegra úrræða gagnvart börnum og unglíngum, er höfðu gerzt sek um afbrot, nýjum viðhorfum og skoðunum um rót félagslegra vandamála barna og ungmenna og skyldum þjóðfélagsins við uppvaxandi kynslóð. Að svo miklu leyti sem vinnuvernd tilheyrir barnavernd á hún rót sína að rekja til iðnþróunar og viðbragða 19. aldar manna við þeirri herfilegu vinnuþrælkun barna og ungmenna, er þá átti sér stað. Það efni hefur margoft verið rætt á alþjóðlegum ráðstefnum og hafa verið gerðir ýmsir alþjóðlegir samningar um þá vinnuvernd. Er Ísland aðili að sumum þeirra.

Lögin frá 1932 voru í gildi lítið breytt allt til 1947, er núgildandi lög um vernd barna og ungmenna voru sett, lög nr. 29/1947. Hafa þau tekið litlum breytingum, sbr. þó l. nr. 20/1955 og nr. 58/1962. Reglugerðir um barnavernd fyrir allmörg umdæmi, einkum kaupstaðina, hafa verið settar, en allsherjarreglugerð samkvæmt 39. gr. laga nr. 29/1947 hefur hins vegar ekki verið sett.

Barnaverndarlöggjöf hefur samkvæmt framansögðu verið í gildi í full þrjátíu ár hér á landi, og af núgildandi lögum hefur fengizt 16 ára reynsla. Lögin frá 1947 eru vönduð lagasmíð, en tvímælalaust verður þó að telja tímabært að hefjast handa um endurskoðun þeirra. Kemur þar bæði til veigamikil reynsla, sem þegar hefur

fengizt af þeim, og svo hitt, að íslenskt þjóðfélag hefur tekið miklum stakkaskiptum á þeim tíma, er lögin hafa gilt, og ýmis viðhorf í málefnum barna og ungmenna hafa breytt á þessum tíma. Fólki fjölgar, hin öra þróun frá bændabyggð til bæjarbyggðar hefur haldið áfram með þeim vandamálum félagslegs eðlis, sem óhjákvæmlega hljóta að rísa, og ýmislegt er það í þjóðfélaginu, sem bendir til vaxandi lausungar og lögbrota.

Af opinberum skýrslum um störf barnaverndarnefnda undanfarna áratugi svo og skýrslum um lögbrot barna og ungmenna verður að vísu ekki ráðið, að þau brot hafi farið verulega í vöxt, svo sem hins vegar hefur átt sér stað í mörgum nágrannalöndum. Þessar skýrslur verður að taka með mikilli varúð, þar sem því fer fjarri, að barnaverndarnefndir fái vitneskju um öll þau tilvik, sem ættu að verða tilefni barnaverndarúrreða. Allt að einu hefur það sitt gildi að minnast á nokkur atriði úr þessum skýrslum. Er þar einkum við skýrslur úr Reykjavík að styðjast. Samkvæmt síðustu skýrslu barnaverndarnefndar þar hafði hún afskipti af heimilum vegna ófullnægjandi aðbúnaðar barna í öllu færri skipti en árin áður. Skýrslur um lögbrot barna síðustu áratugi sýna ekki heldur verulega aukningu og raunar í heild sinni hlutfallslega lækkun, þ. e. þegar tekið er tillit til fjölgunar fólks á þessu aldursskeiði. Eitt er þó áberandi í þessum skýrslum — tala stúlkna, sem nefndir hafa haft afskipti af, hefur farið talsvert verulega hækkandi, þó ekki að því er virðist hlutfallslega, þ. e. miðað við fjölda telpna á því aldursskeiði, sem hér er um að ræða. Langflestar þeirra eru sakaðar um útivist, flakk og stundum lauslæti, en þó nokkur brögð eru að þjófnaðarbrotum af hendi ungra stúlkna, t. d. 11 í Reykjavík 1962 (á móti 221 broti pilta). Um hegningarlagabrot sérstaklega er þess að geta, að hlutfallslega hefur þeim fækkað síðustu tvo áratugin frá því, sem þau voru 1938 og 1939. Tiltækileg er einnig skýrsla yfir hörn, sem tvívegis eða oftár hafa orðið uppvis að lögbrotum, og sýnir sú skýrsla, að hundraðstala þeirra barna, sem hafa tvívegis orðið uppvis að brotum, er nálega hin sama nú og á fjórða áratug aldarinnar, en hundraðstala þeirra, sem oftár en tvívegis hafa gerzt sek um brot, hefur farið verulega lækkandi.

Skýrslur frá hinum kaupstöðunum sýna svipaða þróun og þá, sem hér var gerð grein fyrir. Við þessar tölur þarf m. a. að gera þá athugasemd, að mikil áraskipti eru að liðnum „flakki og útivist“, en hann er ásamt þjófnaði og hnupli langstærsti einstaki liður lögbrota. Er sýnilegt, að þær tölur velta mjög á því, hversu ríkt eftirlit er með slíkri útivist af hendi lögreglu (þar er um brot á ákvæðum lögreglusambýkktar að tefla, 19. gr. lögreglusamb. Reykjavíkur, að því er það umdæmi varðar).

Á árinu 1962 fjölgaði brotum barna og ungmenna hér í Reykjavík úr 399 brotum í 639. Er sýnilegt, að í því efni skiptir stórukið eftirlit lögreglu með útivist barna höfuðmáli. Þjófnuðum fjölgaði og nokkuð, og er athyglisvert, að barnaverndarnefnd Reykjavíkur gefur þá skýringu á því fyrirbæri, að vistheimilið í Breiðavík gat ekki veitt viðtöku drengjum nokkurn hluta árs vegna byggingaframkvæmda. „Varð það til þess, að nokkrum drengjum, sem lentu í ítrekuðum innbrotum og þjófnuðum, varð ekki komið úr borginni svo fljótt sem skyldi“. eru þetta athyglisverðar ályktanir, sem sýna með öðru þörfina, sem á því er að halda upp stofnunum, er barnavernd geti haft að bakhjalli.

Skýrslur barnaverndarnefnda víðs vegar að á landinu bera með sér, að brýn þörf er á miklu átaki til að bæta starfsaðstöðu barnaverndaryfirvalda svo og að koma á fót ýmsum stofnunum í þágu barnaverndar og starfrækja þær.

Þessar skýrslur veita óyggjandi upplýsingar um, að barnaverndaryfirvöld standa andspænis miklum vandamálum, og telja nefndirnar sér oft um megn að fást við þau við núverandi starfsháttu. Hins er þó ekki síður að gæta, að ýmsar blikur eru á lofti, sem uggvænlegar eru um framvindu þessara mála næstu árin. Hér nægir að minna á vaxandi lausung og drykkjuskap á heimilum, áfengisneyzla hjá ungu fólki virðist fara í vöxt, óhæfileg fjárráð og fjársóun eru allt of algeng meðal barna og ungmenna og því miður er sitthvað athugasvert við skemmtanalíf það, er unglingar

sækjast mest eftir, auk þess sem margt er varhugavert við blöð, tímarit, útvarps-efni og sjónvarps, sem nú á dögum er svo áhrifaríkt um mótun almennra viðhorfa hjá ungu fólki. Hlutur barnaverndarinnar er í fyrsta lagi að gegna almennu eftirlitshlutverki, þar sem er hið almenna eftirlit með aðbúð og uppeldi barna og ungmenna á heimilum, eftirlit með hegðun þeirra utan heimilis svo og eftirlit með uppeldisstofnunum og eftirlit með skemmtunum. Slíkt eftirlit hefur mikið varnaðargildi, dregur úr hættunni á því, að óhæfilega sé að börnum búið, þar sem þau alast upp, og dregur einnig úr því, að börnum og ungmönnum sé boðið upp á skemmtanir, sem skaðvænlegar eru sálarlífi þeirra og þroska. Í öðru lagi gegnir barnaverndin því hlutverki að hefjast handa um úrbætur á ófullnægjandi aðbúð barna með því bæði að liðsinna heimilum, setja forráðamönnum ýmis fyrirmæli og skipa heimili eftirlitsmann o. fl. Ef þær varðúðarráðstafanir reynast ekki haldkvæmar, þá geta komið til róttækari ráðstafanir, svo sem taka barns af heimili og vistun annars staðar, eftir atvikum einnig með sviptingu foreldravalds.

Barnaverndaryfirvöld gegna vissulega mikilvægu hlutverki í viðleitni þjóðfélags til að búa uppvaðandi æskulýð landsins þroskasamleg uppvaðarskilyrði. Hlutverk barnaverndaryfirvalda verður þó oftast á þá lund, að þau eru til taks, ef út af ber hjá uppvalendum eða háttsemi barna og unglunga er með þeim hætti, að aðgerða er þörf. Barnaverndin er aðeins einn hlekkurinn í þeirri keðju, sem þjóðfélagið hlýtur ávallt að kosta kapps um að treysta sem mest, og stefnir að því uppeldismarkmiði að ala æskulýð þjóðfélagsins upp á þá lund, að æskumennirnir verði nýtir og löghlýðnir þegnar. Hér verður að samstillta kraftana, liðsinna heimilunum, þ. á m. með því að gera mönnum kleift að búa í sómasamlegu húsnæði og ala mönnum ábyrgðarkennd gagnvart uppeldi barna sinna, fjölga barnaheimilum og bæta þau, bæta skóla landsins, skapa æskufólki aðstöðu til holls og heilbrigðs skemmtana-lífs og tómstundaiðkana, og enn fremur með því að reyna að vinna bug á ýmsu því, sem er varhugavert fyrir æskufólk og beinlínis siðspillandi í þjóðfélaginu. Menn telja oft, að fátækt þjóðfélag hafi ekki ráð á að veita fé til þeirrar starfsemi, sem hér var nefnd, svo sem þörf væri á. Í því efni dylst þeim ósjaldan, hve mikið hver sá borgari, sem ekki verður að nýtum þjóðfélagsþegn, kostar þjóðfélag sitt og hve mikils þjóðfélagið missir í við, að hann verði ekki að nýtum þegn. Í nýjum skýrslum frá Svíþjóð er á það bent, að ekki fari því fjarri, að kostnaður við að halda refsifanga árlangt í fangelsi kosti álíka mikið og árslau professors, og er þá ekki um það rætt, hvert tap það er fyrir þjóðfélagið að verða af hagnýtri vinnu mannsins.

### III.

Nefnd sú, sem samdi frv. þetta, telur, að mikil þörf sé á að efla starfsemi barnaverndaryfirvalda hér á landi. Nefndin telur ýmis hættumerki benda til þess, að hér kunni að fara verulega í vöxt lögbrot unglunga á næstu árum, og telur það fyrirhyggjuleysi að bæta ekki nú þegar aðstöðu barnaverndaryfirvalda til að snúast við þessum vanda. Þau atriði, sem nefndin vill sérstaklega leggja áherzlu á, eru eftirfarandi:

1. Starfsaðstaða barnaverndarnefnda og barnaverndarráðs er yfirleitt alls ekki viðhlitandi. Kemur þar bæði til skortur á viðunandi húsnæði til starfa, sem víða um land háir starfsemi barnaverndarnefnda, svo og skortur á sérmenntuðu starfsliði.

2. Í gildandi lögum eru ákvæði um, að koma skuli upp ýmsum stofnunum í þágu barnaverndaryfirvalda, svo sem athugunarstöð, sbr. 36. gr. laga nr. 29/1947, og heimilum fyrir drengi og stúlkur, sbr. 37. gr. Hin eina athugunarstöð, sem til er, er gersamlega ófullnægjandi og þarf hið allra fyrsta úr að bæta. Vistheimilið í Breiðavík fullnægir ekki þörfinni, þótt þar hafi verið unnið nytsamlegt og þakkarvert starf. Ber brýna nauðsyn til að skapa aðstöðu til þess að vista fleiri drengi á nýju heimili. Þá er þess einnig að geta, að þrátt fyrir boð laga nr. 20/1955 um stofnun heimilis fyrir telpur, hefur enn ekki orðið úr framkvæmdum.



3. Um það má lengi deila, hvort barnaverndarnefndir skuli kjörnar af sveitarstjórnnum. Hitt orkar ekki tvímælis, að óhjákvæmleg nauðsyn er til þess, að nefndirnar hafi í þjónustu sinni sérmenntað fólk, og á það a. m. k. við um alla stærri kaupstaðina. Þarf einnig að hefjast handa um að styrkja fólk til þess að sérmenntast og kæmi raunar til greina að stofna til nokkurrar kennslu í þeim fræðum hér á landi, t. d. í tengslum við Háskólann, Kennaraskólann eða Fóstruskólann.

4. Að sínu leyti þarf svo barnaverndarráð mjög á fleiri sérmenntuðum starfsmönnum og ráðunautum að halda, enda eru störf þessi bæði vandasöm og ábyrgðarmikil. Þess er einnig að gæta, að viðamikil eftirlitsstörf eru lögð á barnaverndarráð, og verða þau ekki rækt með viðunandi hætti, nema ráðið eigi kost á meira starfslíði.

5. Meiri hluti nefndar telur, að rétt sé að fjölga meðlimum barnaverndarráðs um tvo og tryggja, að þar séu ávallt sálfræðingur, læknir og lögfræðingur auk prests og kennara, sbr. hér að framan. Sjá nánar aths. við 12. gr., þar sem m. a. eru greind sjónarmið minni hlutans.

6. Nefndin telur, að svo mikið vald sé lagt í hendur barnaverndaryfirvalda, að nauðsyn sé að tryggja betur en nú er gert vandaða meðferð mála og rökstuddar úrlausnir og treysta með öðrum hætti réttaröryggið á þessu mikilvæga sviði, sbr. um þetta einkum IV. kafla frv.

7. Ýmis atriði í starfsháttum nefnda hafa verið tekin til endurskoðunar, svo sem það, hvaða nefnd eigi úrlausn máls, sbr. 17. gr. frv., hvernig tengslum sé háttað milli nefnda og barnaverndarráðs, sbr. einkum 51. og 54. gr., og hvernig sambandi eigi að vera farið milli barnaverndaryfirvalda og löggæzlu- og dómsvalds, sbr. einkum 51. gr. 3. mgr.

8. Nefndin telur, að ákvæði gildandi laga um fóstur barna séu ekki nógu tryggileg, og gerir tillögur um breytingu þeirra, sbr. 34. gr. frv.

9. Nefndin hefur endurskoðað ákvæði 39. gr. laga nr. 29 1947, um vinnuvernd barna og ungmenna, og gerir nokkrar breytingartillögur við þau.

10. Þá hafa ákvæðin um skoðun á kvikmyndum sætt gagngerðri endurskoðun, sbr. 56. gr. frv., sbr. og nýmæli 39. gr. a um vegabréf.

11. Loks hefur komið til athugunar hjá nefnd, hvaða ráðuneyti eigi að hafa yfirstjórn barnaverndarmála, sbr. athugasemdir við 2. gr. frv.

#### IV.

##### Athugasemdir við einstaka kafla og greinar frv.

###### Um 1. gr.

Í 4. tl. 1. gr. er bætt við vöggustofum í talningu á uppeldisstofnunum, sem lúta eftirliti barnaverndaryfirvalda, og er sá varnagli sleginn, að stofnanir þessar lúti ekki barnaverndaryfirvöldum, ef eftirlit er falið öðrum samkvæmt sérstökum lögum, svo sem yerið getur.

Samkvæmt 5. gr. frv. hafa barnaverndarnefndir eftirlit með ungmönnum allt til 18 ára aldurs, sbr. og 19., 26., 28. og 31. gr. frv. Í lok ákvæðis 1. gr. er skýring á hugtökunum barni og ungmenni, og er þá barn talið allt til 16 ára aldurs, en ungmenni er í þessum lögum unglíngur á aldurs skeiði 16—18 ára.

Samkvæmt dönsku og sænsku barnaverndarlögum eru ungmenni á aldurs skeiði 18—21 árs stundum háð afskiptum barnaverndaryfirvalda, en ekki þótti fært þessu sinni að breyta ákvæðum laga um þetta efni. Á það skal og bent, að foreldravald helst yfirleitt samkvæmt lögum á hinum Norðurlöndum til 18 ára aldurs, en hér fellur það niður, er barn verður 16 ára (sjálfráða). Má um það deila, hvort aldursmörk íslenskra laga séu heppileg, en nefnd sú, sem frv. samdi, taldi sig ekki hafa umboð til að fjalla um það atriði, enda er það bundið í lögræðislögum og sífjalögum. Um aldur ungmenna í frv. þessu skal einnig bent á ákvæði um vinnuvernd

ungmenna, sbr. 39. gr., og vegabréfsskyldu, sbr. 39. gr. a, svo og ákvæðin um að leggja bann við aðsókn ungmennis að skemmtunum, sbr. 41. og 56. gr.

#### Um 2. gr.

Í öllum norrænu löndunum utan Íslands hafa félagsmálaráðuneytin yfirstjórn barnaverndarmála, en ekki menntamálaráðuneyti, svo sem hér er. Eru ýmis rök, sem mæla með því, að mál þessi lúti yfirstjórn félagsmálaráðuneytis. Barnaverndarnefndir eru kjörnar af sveitarstjórnnum og um kosningar þeirra fer eftir sveitarstjórnarlögum, sveitarstjórnir standa fjárhagslega straum af starfsemi þeirra, nán tengsl eru milli framfærslumála og barnaverndar, þ. á m. þarf ráðuneyti stundum að skera úr ágreiningi um fjárhæð meðlaga eða framfærslueyris, sem rót sína á að rekja til ákvarðana barnaverndarnefnda, sbr. t. d. 38. gr. frv. Þau tengsl eru milli barnaverndar og menntamála eftir gildandi lögum, að í hreppum eru yfirleitt ekki kosnar barnaverndarnefndir, heldur gegna skólanefndir þar störfum barnaverndarnefnda, og sérstaklega hitt, að almenn viðhorf í barnaverndarstörfum og markmið þeirra eru nátengd ýmissi þeirri starfsemi, sem fram fer undir yfirstjórn menntamálaráðuneytis. Samkvæmt 4. gr. frv. er gert ráð fyrir, að það skipulag, að skólanefndir utan kaupstaða séu einnig barnaverndarnefndir, verði fellt úr gildi. Ætla má, að þátttaka okkar í norrænni samvinnu á sviði barnaverndar verði örðugri vegna þess, að sambærilegt ráðuneyti fer ekki með yfirstjórn þessara mála hér á landi sem annars staðar á Norðurlöndum. Nefndin vekur athygli á þessum sjónarmiðum, en leggur ekki til að svo stöddu, að sú breyting verði á gerð, að félagsmálaráðuneytið fari með yfirstjórn þessara mála.

Barnavernd er þrjúþætt. Hún lýtur að virku eftirliti með aðbúð og uppeldi barna bæði á heimilum og uppeldisstofnunum svo og hegðun þeirra utan heimilis. Í öðru lagi tekur hún til ýmissa varnaðarráðstafana, svo sem viðræðna við foreldri, viðvarana til þeirra, skipunar eftirlitsmanns með heimili o. fl., svo og eftirlits með skemmtunum og eftirlits með uppeldisstofnunum, og að nokkru leyti kemur vinnuvernd hér undir, að svo miklu leyti sem eðlilegt er að telja hana til barnaverndar. Í þriðja lagi koma svo til ýmis úrræði, sem barnaverndaryfirvöld geta gripið til gagnvart forráðamönnum barna eða forstöðumönnum stofnana, ef annmarkar eru verulegir, aðbúð barna er ábótavant og ekki tekst að bæta úr á annan hátt. Þessum verkefnum barnaverndar er öllum lýst í 1. gr. og síðan í einstökum greinum frv. og núgildandi laga. Í lögunum eins og þau eru nú er hins vegar ekki rætt sérstaklega um, að nefndirnar heiti sér fyrir jákvæðum úrræðum félagslegs eðlis til að búa börnum og ungmennum þroskasamleg uppeldisskilyrði. Er þessu atriði nú bætt við í 2. gr. frv. og jafnframt er þar ákvæði, sem einnig er nýmæli, um samvinnu milli barnaverndaryfirvalda og forráðamanna skóla, heilsugæzlu og framfærslumála. Orkar það ekki tvímælis, að hin mesta nauðsyn er á góðri samvinnu þessara aðilja, svo sem raunar ávallt hefur verið hér á landi, enda stefna þessir aðiljar í störfum sínum mjög að sama marki.

#### Um 3. gr.

Hún er óbreytt 3. gr. gildandi laga.

#### Um 4. gr.

Þótt nán tengsl séu milli starfsemi skóla og barnaverndar, þykir ekki heppilegt, að skólanefnd fjalli einnig um verkefni barnaverndar. Barnaverndarnefndum er m. a. ætlað að hafa eftirlit með aðbúð barna í skólum, og geta þau mál komið upp, þar sem óheppilegt er, að skólanefnd sé einnig ætlað að leysa úr málefnum barnaverndar. Eru slík mál og að jafnaði ærið verkefni fyrir skólanefnd. Þykir haganlegra að setja almennt ákvæði, er bjóði kosningu barnaverndarnefndar í hreppsfélagi, en að láta það velta á mati, svo sem nú er, hvort sérstök barnaverndarnefnd starfi í hreppi.

Um 5. gr.

Efnislega óbreytt frá gildandi lögum, en orðalagi er breytt til samræmis við skýrgreiningu lokaákvæðis 1. gr. á hugtökunum barni og ungmenni.

Um 6. gr.

Ákvæði 1. málsg. er breytt í samræmi við þá breytingu 4. gr., að ávallt skuli skipa barnaverndarnefnd í hreppum.

Ákvæðið um kjörgengi er gert nokkru fyllra en nú er, og tilvísun til 8. gr. stafar af því, að þar er gert ráð fyrir því, að eldri menn en 66 ára verði yfirleitt ekki kosnir í nefndirnar.

Það nýmæli er tekið upp í 3. málsg., að jafnan skuli kjósa bæði konur og karla í nefndirnar. Felst það í ákvæðinu, að a. m. k. ein kona eða einn karlmaður sé í nefnd, en ekki að helmingur eða því sem næst sé konur og helmingur karlar. Styðst ákvæðið við auðsæ rök, þar sem stefnt er að því að tryggja sem víðtækasta almenna reynslu hjá nefndarmönnum. Þess má raunar geta, að barnaverndarnefnd Reykjavíkur hefur allengi verið skipuð konum að meiri hluta, og er formaðurinn eini karlmaðurinn þar nú.

Þá er það nýmæli í 4. málsg., að leitast skuli við að kjósa lögfræðing í barnaverndarnefnd í kaupstöðum, þar sem slíks er kostur. Um nokkurt tímabil hefur verið lögfræðingur í barnaverndarnefnd Reykjavíkur, lengstum formaður, og hefur það horft til öryggis í störfum nefndar. Utan Reykjavíkur munu þess og dæmi, að lögfræðingar hafi setið í barnaverndarnefndum. Er heppilegt að öðru jöfnu, að lögfræðingur sé í nefndinni, þótt því verði ekki ávallt komið við, enda hafa nefndirnar víðtækt og veigamikil vald, og oft reynir þar á lögfræðileg úrlausnarefni.

Um 7. gr.

Hér er sú breyting ein, að kveðið er skýrlega á um það, að umboð kjörinnar barnaverndarnefndar haldist, unz ný kosning hefur farið fram, þótt ný sveitarstjórn hafi þegar verið kjörin. Hitt er það, að skylt er sveitarstjórn að hraða kjöri barnaverndarnefndar, eftir að sveitarstjórnarkosning hefur farið fram.

Ákvæði 3. málsg. er nýmæli.

Um 8. gr.

Í þessu ákvæði er það nýmæli, að jafnaðarlega skuli ekki kjósa í barnaverndarnefnd mann, sem eldri er en 66 ára, þegar kosning fer fram. Þetta ákvæði er sett að norskrri fyrirmynd. Í fyrsta lagi er ástæðulaust að íþyngja mönnum, sem komnir eru á þennan aldur, með þeirri borgarakvöð að taka sæti í barnaverndarnefnd, og í öðru lagi eru tengsl manna við ungt fólk og almenn uppeldisviðhorf í þjóðfélagi ekki jafnvirk, þegar á þann aldur er komið, sem á árum fyrr. Mjög tíðar endurkosningar í barnaverndarnefndir geta og verið tvíeggjaðar.

Í 2. málsg. er bætt við ákvæði um þóknun fyrir störf í barnaverndarnefndum í hreppum svo og um laun starfsfólks og önnur útgjöld við störf nefnda.

Um 9. gr.

Samkvæmt gildandi lögum skulu barnaverndarnefndir senda barnaverndarráði skýrslur um starfsemi sína ár hvert fyrir miðjan febrúar. Reynslan sýnir, að örfáar nefndir fullnægja þessu. Er því lagt til, að tímamarki þessu verði breytt svo, að skila skuli skýrslum þessum fyrir apríllok, enda er þá gert ráð fyrir, að gengið verði fast eftir því af hendi ráðsins, að þessi skýrsluskil fari fram á réttum tíma.

Um 10. gr.

Í hinum almenna inngangi hér að framan var það reifað, hve mikið lægi við, að barnaverndarnefndir hefðu á að skipa sérhæfðu starfsliði svo og öðru starfsliði. Er hér lagt til, að fyllri heimild sé veitt til ráðningar slíks starfsfólks en nú er í lögum. Með sérhæfðu starfsliði er átt við starfsmenn, er fengið hafa sérmenntun

í þeim þáttum félagsfræða, sem mest hafa tengslin við barnavernd, þ. á m. sálfræðinga, uppeldisfræðinga, sérmenntaða kennara, félagsmálaráðunauta (social workers) svo og lækna, einkum barnalækna. Þörf væri á að ráða sumt af þessu fólki sem fasta starfsmenn í hinum stærri kaupstöðum, en öðrum þræði væri um það að tefla að tryggja sér þessa sérfræðinga sem ráðunauta. Utan hinna stærri kaupstaða er naumast raunhæft á þessu stigi að ætla, að til ráðningar slíks starfsfólks komi. Í greininni er hins vegar það ákvæði, að barnaverndarráði er boðið að beita sér fyrir athugun á því, hvort unnt sé að ráða sérhæfða starfsmenn, er séu til ráðuneytis barnaverndarnefndum innan tiltekinna umdæma, t. d. fjórðungs eða smærri umdæma. Hér gætu t. d. komið til greina prestar eða kennarar, sem kynnt hafa sér sérstaklega meðferð barnaverndarmála eða hafa að öðru leyti mikla reynslu af þeim málum.

Á það skal bent, að enn er hörgull á sérmenntuðu fólki, sem unnið geti í þágu barnaverndar, og ber brýna nauðsyn til, að fólk sé örvað til að leggja stund á nám, sem hér sé við hæfi, og hljóti fyrirgreiðslu af opinberri hálfu í því skyni. Skal í þessu sambandi vekja athygli á nýmæli 58. gr. frv., er tengist nokkuð þessu máli.

Um 11. gr.

Hún er óbreytt frá gildandi lögum.

Um 12. gr.

Hér er fjallað um skipun barnaverndarráðs og litillega um starfshætti þess, en meginákvæðin um það efni eru annars í V. kafla frv.

Í þessari grein gætir verulegra breytinga frá gildandi lögum. Er lagt til, að ráðsmönnum sé fjölgað úr 3 í 5, formaður skal vera lögfræðingur, eldri mann en 66 ára skuli að jafnaði ekki skipa og boðið er, að barnaverndarráð skuli ráða í þjónustu sína sérfróðan mann um uppeldismál, er annist framkvæmdir og eftirlit á vegum þess, og enn fremur annað starfsfólk við hæfi. Þess skal þegar getið, að einn nefndarmanna (M. S.) er andvígur hugmyndinni um fjölgun ráðsmanna og vill hafa skipun ráðsins óbreytta. Minni hlutinn gerir þessa grein fyrir afstöðu sinni:

„1. Afgreiðsla mála er jafnan ógreiðari í fjölmönnum nefndum.

2. Ef sérfræðingar sitja í nefnd, leitar nefndin síður til annarra sérfræðinga, þótt þeirra ætti frekar að leita í mörgum tilvikum. Þannig geta málin hlotið ótryggari afgreiðslu en ella hvað fagþekkingu snertir.

3. Fjölmenn nefnd er að öðru jöfnu kostnaðarsamari en fámenn.“

Í frv. er gert ráð fyrir, að sú skipan haldist óbreytt, að einn ráðsmanna sé skipaður samkvæmt tilnefningu Prestafélags Íslands og annar að tillögu Sambands ísl. barnakennara. Hins vegar er því bætt við, að einn skuli skipaður samkvæmt tillögu Læknafélags Íslands og annar að tillögu Félags ísl. sálfræðinga, en hinn fimmta skuli ráðherra skipa, og sé hann embættisgengur lögfræðingur, eins og fyrr segir. Þau málefni, sem barnaverndarráð fjallar um, eru oft næsta örlagarík, og ber að tryggja það eftir föngum, að þau séu leyst á grundvelli viðtækrar og traustrar þekkingar á högum barna, uppeldislegum, sálfræðilegum, heilsufarslegum og félagslegum. Verður því naumast neitað, að fjölgun ráðsmanna með þeim hætti, sem hér er lögð til, stuðli að því að tryggja fyllri fagþekkingu en nú er.

Á það verður seint lögð of mikil áherzla, að árangur ráðsins veltur mjög á því, að það hafi í þjónustu sinni sérfróðan mann til framkvæmdastjórnar svo og annað starfslið við hæfi. Ráðið þarf og að hafa góða starfsaðstöðu og opna skrifstofu í samræmi við starfsemi sína, sbr. og um það atriði 55. gr. frv.

Um hámarksaldur ráðsmanna er lagt til, að fari eftir sömu reglum sem um barnaverndarnefndir, sbr. athugasemdir við 8. gr.

Um 13. gr.

Barnaverndarnefndum er fengið mikið vald að lögum, og hlýtur svo að vera. Þau mál, sem þar eru til meðferðar, eru oft mjög torveld, úrskurðir nefndanna geta

verið miklir örlagavaldar bæði í lífi barna og ungmenna svo og forráðamanna þeirra. Hér er um mjög viðkvæm mál að ræða, og ber að vanda alla málsmeðferð eftir föngum og rasa ekki um ráð fram. Sérstaklega á þetta við um þau málefni, sem greinir í 13. gr., þ. e. þegar fjalla skal um töku barns af heimili, sviptingu foreldravalds, kröfu um, að barn skuli flutt frá fósturforeldrum, eða kröfu um, að felldur sé úr gildi úrskurður um töku barns af heimili eða sviptingu foreldravalds. Í 13. gr. gildandi laga er áskilið, að aukinn meiri hluti nefndarmanna þurfi að gjalda jákvæði ráðstöfun, sem fólgin er í að svipta foreldri umráðarétti yfir barni. En í fyrsta lagi er þessi áskilnaður einskorðaður við eina, tiltekna ráðstöfun, og í öðru lagi er ekki fyllilega séð fyrir þeirri sérþekkingu, sem heppilegt væri að hafa þar, þ. á m. lögfræðilegu liðsinni, sbr. þó 15. gr. laga 29/1947. Barnaverndarnefndir eru yfirleitt skipaðar vönduðu og traustu fólki með mikilli lífsreynslu og áhugafólki um uppeldismál. Í norrænu barnaverndarlögunum hefur þótt nauðsynlegt að tryggja nefndunum liðsinni sérfróðra manna, þ. á m. lögfræðings. Í dönsku lögunum er boðið, að dómari sé viðstaddur umræður í nefnd um þau mikilsháttuðu málefni, er greinir í 13. gr. frv., og sé þar ráðunautur án atkvæðisréttar. Í norsku lögunum er hins vegar tekinn upp sá háttur, að héraðsdómari taki sæti í nefnd, þegar meiri háttar málefni skal ráða þar til lykta, og gegni hann þá formennsku með fullum atkvæðisrétti. Í 15. gr. laga 29/1947 segir, að héraðsdómara sé skylt að veita nefnd lögfræðilega aðstoð, ef lögfræðingur eigi þar ekki sæti, „eftir því sem samrýmist embættisstörfum hans“. Þessi skipan setur héraðsdómara í ærinn vanda og er ekki fullnægjandi fyrir nefndirnar. Nefndin, sem undirbjó frv. þetta, telur tryggilegustu skipanina þá, er felst í norsku lögunum, og leggur til, að hún sé lögfest. Að vísu verður héraðsdómari þá vanhæfur til meðferðar dómsmáls, er spretta kann út af úrlausn barnaverndarnefndar, er hann hefur tekið þátt í, en hann yrði það jafnaðarlega einnig, þótt miðað væri við dönsku regluna og jafnvel hina íslenzku, ef til liðsinnis kæmi af hendi héraðsdómara. Réttarörygginu er bezt borgið með því, að héraðsdómari taki beinan þátt í máli, og hefur nefndin talið það sjónarmið ráða úrslitum. Eftir sem áður er lagt til, að aukinn meiri hluti nefndarmanna þurfi að fylgjast að málum, til að tillögur um ofangreind málefni nái fram að ganga, og skal sérstaklega á það bent, að atkvæði formanns er jafngilt atkvæðum hinna nefndarmanna. Ef dómari tekur sæti í nefnd, geta nefndarmenn orðið 4, 6 eða 8, sbr. 6. gr. frv.

#### Um 14. gr.

Sú grein er nýmæli og mælir fyrir um reglur þær, er gilda um vanhæfi nefndarmanna til meðferðar einstakra mála vegna tengsla við aðilja o. fl., svo og um málsmeðferð fyrir nefndum. Þar er og boðið, að mál skuli afgreidd með skriflegum og rökstuddum úrskurði, og kveðið á um boðun funda, verkaskiptingu innan nefndar o. fl. Þessi ákvæði horfa til að auka réttaröryggið og taka af tvímæli um ýmis atriði, sem nú kunna að vera vafasöm. Af sömu rót runnið er það ákvæði, að birta skuli úrskurð með tryggilegum hætti og vekja athygli á heimild til málskots, sbr. 54. gr.

#### Um 15. gr.

Óbreytt 14. gr. gildandi laga, en 15. gr. þeirra laga fellur niður, þar sem efni hennar er skipað í 13. gr. frv.

#### Um 16. gr.

1. og 3. málsg. eru nýmæli, en 2. málsg. er 16. gr. gildandi laga efnislega breytt. Í 1. málsg. eru almenn fyrirmæli um öflun gagna vegna úrlausna mála af hendi barnaverndarnefnda. Eru þau fyrirmæli til leiðbeiningar, en að sjálfsögðu er þar ekki um tæmandi talningu að ræða á þeim atriðum, sem ástæða kann að vera til að kanna.

Í 3. málsg. 16. gr. eru sett fram þau meginatriði, sem barnaverndarnefnd ber að taka mið af í úrlausnum sínum. Skal ávallt taka upp það ráð, sem ætla má, að

barni eða ungmenni sé fyrir beztu. Þetta leiðarljós er einnig þekkt úr öðrum lögum, og hefur það verið nefnt konungshugsun norrænna laga, sbr. einkum 56. og 76. gr. laga nr. 39/1921, um skipan á forræði barna, þegar hjón skilja. Í 3. málsgr. er einnig sérstaklega vikið að því atriði, sem hafa ber hliðsjón af, hvort dvöl barns á heimili kunni að hafa skaðlegar afleiðingar fyrir önnur börn, sem þar vistast.

Í lok ákvæðisins er sérstaklega boðið, að forðast beri eftir föngum að sundra systkinum. Á þetta ákvæði einkum við um forsjárlaus börn, en er ekki almennt ætlað að ná til ákvörðunar á forræði fyrir börnum við skilnað foreldra.

Það getur ekki talizt viðunandi, að börn, sem missa foreldra sína, þurfi einnig að missa af systkinum sínum, sem eru þeim nær, og jafnvel hrekjast úr einum stað í annan og venjulegast að missa alla handleiðslu, áður en þau eru 16 ára.

#### Um 17. gr.

Í núgildandi barnaverndarlögum er ekki ákvæði um það, hvaða barnaverndarnefnd eigi úrlausn hvers einstaks máls, en eðli máls segir þó til um þetta efni í megindráttum, sakir þess að barnaverndarnefndir eru staðbundin stjórnvöld. Gleggra þykir þó að setja ákvæði um þetta atriði, sem vissulega er mikilsvert, í lögin sjálf, enda getur óvissa í þessu efni verið háskaleg. Lagt er hér til, að dvalfesti barns ráði því, hvaða barnaverndarnefnd eigi lögsögu, en ekki er hér miðað við dvalfesti foreldra barnsins, svo sem er í dönsku barnaverndarlögum. Sýnist dvalfesti barns skapa hér eðlilegustu viðmiðunina, enda er jafnaðarlega heppilegast fyrir nefnd í því umdæmi, er barn dvelur í, að kanna málið og ráða því til lykta.

Í greininni er einnig tekin afstaða til þess, hversu fara skuli, ef barn flyzt úr umdæmi nefndar, sem upprunalega fjallaði um mál. Skal þá barnaverndarnefnd á hinu nýja heimili barns taka mál til meðferðar, en rétt þykir að veita barnaverndarráði svigrúm til að mæla svo fyrir, að nefnd sú, sem fyrst fjallaði um mál, geti haldið áfram meðferð þess og ráðið því til lykta. Getur það verið haganlegt og eðlilegt að hafa þann hátt á, einkum þegar hin upphaflega nefnd hefur fjallað lengi um mál, og mál er að lokum komið hjá henni.

#### Um 18. gr.

Óbreytt frá gildandi lögum.

#### Um 19. gr.

Í 2. málsgr. er aldurstakmark hækkað úr 16 árum í 18 ár, og er sú hækkun í samræmi við almenna ákvæðið í 5. gr. frv. Á það skal bent, að í 5. málsgr. 40. gr. laga nr. 82/1961, um meðferð opinberra mála, er boðið að tilkynna barnaverndarnefnd, ef spyrja skal fyrir lögreglu ungmenni, sem fyrir sökum er haft, og getur nefnd þá sent fulltrúa sinn til að vera viðstaddur yfirheyrslu, sbr. og 77. gr. 4. málsgr. sömu laga, sem vísar til 40. gr. í heild sinni, þ. á m. um það tilvik, er ungmenni er yfirheyrt fyrir dómi. Nefndin telur, sem fyrr greinir, rök mæla með því að hækka greint aldursmark í 18 ár, en þó mun nauðsynlegt að breyta framangreindu ákvæði 40. gr. 5. málsgr. l. 82/1961, og leggur nefnd til, að það verði gert með sérstöku frumvarpi.

#### Um 20. gr.

Aðalbreytingin er fólgin í því, að bætt er við greinina, eins og hún nú er, því ákvæði, að jafnaðarlega skuli veita barni eða ungmenni kost á að koma á fund barnaverndarnefndar, þegar svo stendur á, sem í greininni segir, þ. e. þegar ráða skal til lykta meiri háttar barnaverndarmáli, sbr. 13. gr. frv. Réttaröryggi þykir aukið með þessu ákvæði, og fyrir barnaverndarnefnd getur verið verulegur ávinningur að því að komast í persónuleg tengsl við barnið sjálft.

#### Um 21. og 22. gr.

Þær eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 23. gr.

Í stað þess, að rætt er um munaðarlaust barn í gildandi lögum, er hér lagt til, að talað sé um forsjárlaust barn, og auk þess er því bætt við, að forsjármenn veiti því ekki fullnægjandi framfærslu.

Um 24. gr.

Í þessari grein er því ákvæði bætt við, að jafnan skuli gæta þess, að tilraun til aðstoðar við heimili fari á undan öðrum framkvæmdum til úrbóta, að því leyti sem við verður komið. Þykir eðlilegt að áréttta þetta mikilvæga sjónarmið í sjálfum lög-  
unum.

Um 25. gr.

Þetta ákvæði er nokkru fyllra en 25. gr., svo sem hún er nú orðuð, og er hér mælt fyrir um samvinnu milli nefndar og heilbrigðisyfirvalda og sérfræðinga.

Um 26. gr.

Í 1. málsg. felst sú ein breyting, að skipt er á orðinu forræði og foreldravaldi, þar eð haganlegra þykir í þessu tilviki að nota orðið forræði. Sjá hér einnig 31. gr. a frv.

Í 2. málsg. er það nýmæli, að maður, sem er 60 ára eða eldri, getur skorast undan að taka við skipun sem eftirlitsmaður heimilis. Hins vegar eru hér ekki sett ákvæði, er sporni við því að skipa eldri menn en 60 ára til þessa eftirlits, ef þeir skorast ekki undan kvaðningu.

Um 27. gr.

Hér er bætt við því atriði um varhugavert framferði heimamanns barns, að deyfilyfjanautn geti einnig réttlætt þær aðgerðir, sem greinin mælir fyrir um.

Um 28. gr.

Í upphafi greinar er því bætt við þau úrræði af hendi barnaverndarnefndar, er þar greinir, að nefndin geti hlutazt til um rannsókn sérfræðings á högum barns. Enn fremur er í 1. málsg. vikið að því, að barnaverndarnefnd geti látið taka barn af heimili, þar sem í gildandi lögum segir, að nefndin taki barnið. Stendur þessi breyting í tengslum við það nýmæli 51. gr. 3. málsg., að valdbeiting heyri undir fógeta eða lögreglu, ef brýna nauðsyn beri til. Með þessu er ætlunin að taka af skarið um, að valdbeitingin sé ekki verkefni barnaverndarnefndar, heldur eigi hún undir fógeta eða lögreglu. Hefur þetta atriði þótt orka verulega tvímælis að undanfögnu.

Lagt er til, að 3. málsg. 28. gr. gildandi laga falli niður, þar sem hún hefur ekki raunhæft gildi, en í lokamálsgr. 28. gr. er tekin upp tilvísun til ákvæða laga um niðurfelling saksóknar, nánast nefndum til leiðbeiningar og svo að glegggra verði í þeirra huga, hver heildarúrræði hér komi til greina, ef um refsivert atferli er að ræða.

Um 29. gr.

Sú breyting er hér gerð, að bætt er við ákvæði, er skyldar barnaverndarnefnd í dvalarumdæmi barns, sem ráðstafað er þangað fyrir tilstuðlan nefndar í heimilis-  
umdæmi barns, að láta hina síðarnefndu fylgjast með högum barns með skýrslugjöf eða á annan hátt. Er mikilvægt, að barnaverndarnefnd sú, sem ráðstafar barni, fylgist með högum og ferli barns og eigi í því efni aðgang að barnaverndarnefnd í umdæmi, þar sem barnið hefur verið vistað. Samkvæmt 17. gr. frv. á barnaverndarnefnd, þar sem barn er dvalfast, úrlausn um málefni þess, en vegna þess, hve hér stendur sérstaklega á, hvílir brýn skylda á barnaverndarnefnd í heimilisumdæmi barns um að fylgjast með högum þess, sbr. og 35. gr. um það tilvik, er barnheimili er rekið af aðilja í tilteknu umdæmi, en heimili er staðsett utan umdæmisins.

Um 30. gr.

Hún er óbreytt frá gildandi lögum.

#### Um 31. gr.

Í 2. málsg. greinarinnar er skotið inn ákvæði um, að jafnframt þeim úrræðum, er í ákvæðinu greinir, komi m. a. til greina ákvæði 56. gr. laga nr. 19/1940, sbr. l. nr. 22 3. maí 1955, 3. gr.

#### Um 31. gr. a.

Hér er bætt við tveimur nýjum málsgreinum. Í þeim er tekin afstaða til nokkurra framkvæmdaratriða um aðdraganda þess, að barn er tekið af heimili, svo og um forsjá barnsins. Eru ákvæði um þetta efni ekki fyllilega skýr eftir gildandi lögum.

Í 1. málsg. er boðið, að leita skuli samþykkis foreldra eða annarra lögráðamanna til þeirrar ráðstöfunar að taka barn af heimili. Ef það fæst ekki eða samþykki er tekið aftur, skal fara með mál að hætti 13. gr. Þótt samþykki lægi fyrir, girðir ákvæðið ekki fyrir, að nefnd fari með mál samkvæmt ákvæðum 13. gr., ef henni lízt það tryggilegra.

Þegar barn er tekið af heimili, rís sú spurning, hvernig fari um forræði fyrir barninu. Í reyndinni hlýtur forsjá barnsins að hverfa til barnaverndarnefndar. Er þetta einsætt, ef barn er forsjárlaust, og mælir 1. málsg. þá svo fyrir, að nefnd hlutist til um, að því sé skipaður lögráðamaður. Endranær er þess að gæta, að þótt forsjá barns hverfi til barnaverndarnefndar, sem falið getur forsjá þess einstökum mönnum, þ. á m. forstöðumanni uppeldisstofnunar eða aðilja, er tekur barn til framfærslu eða fósturs, þá er ekki þar með sagt, að þörf sé að svipta foreldra eða aðra lögráðendur foreldravaldi. Verður að meta það atriði hverju sinni, og veltur allt á því, hvort foreldrar eða aðrir forráðamenn eru fúsir til að hlíta ákvörðunum nefndar og hafa samvinnu við hana eða á hinn veg reyna að koma í veg fyrir framkvæmd ákvörðunar. Hér ber að hafa í huga, að vitaskuld er það að öðru jöfnu mikilvægt að rjúfa ekki tengslin milli barns og foreldra, jafnvel þótt nefnd hafi ekki talið annars úrkosti en að taka það af heimili. Eru ákvæði 2. málsg. reist á þessum sjónarmiðum.

Barnaverndarnefnd er réttur umsjáraðili yfir barni, sem tekið er af heimili samkvæmt framansögðu, og er því refsivert samkvæmt 191. gr. alm. hegningarlaga að taka barnið þaðan án heimildar nefndar eða stuðla að því, að barnið komist undan umsjá nefndar. Þar sem rætt er um það, að nefnd taki við forsjá barns, er átt við það, að nefndin taki ákvarðanir um persónulega hagi barnsins, beri ábyrgð á barni og standi straum af uppeldi þess samkvæmt því, er barnaverndarlög mæla fyrir um. Heimildir handhafa foreldravalds til þess að taka ákvarðanir um persónulega hagi barns eru að sama skapi þrengdar, en þeir eru þó t. d. fjárráðamenn barnsins, unz svipting hefur átt sér stað á foreldravaldi.

#### Um 32. gr.

Nokkurrar óvissu hefur gætt um það, í hverju umsögn barnaverndarnefnda í sambandi við umsóknir um ættleiðingu eigi að vera fólgin. Er lagt til, að hér séu greind nokkur atriði, sem vert er að umsögn beinist að. Á hinn veginn er á það að líta, að nefnd sú, er samdi frv., hefur ekki umboð til að gera breytingar á 8. gr. laga nr. 19/1953, um ættleiðingu, og hlýtur því að haga tillögum sínum í samræmi við efni þess ákvæðis.

Á það skal bent, að alloft er óskað umsagnar barnaverndarnefnda af hálfu ráðuneytis, áður en skipað er fyrir um forræði barna við hjónaskilnað foreldra. Er ugglaut veigamikilið fyrir ráðuneyti að fá umsagnir nefnda um slík mál. Nefndin taldi sig þó ekki hafa umboð til að gera beinar tillögur um það efni, enda fæli það í sér breytingar á lögum um stofnun og slit hjúskapar.

#### Um 33. gr.

Greinin er lítið breytt frá gildandi lögum, þó er nefndum gert að skyldu að halda skrá þá, er þar er um rætt. Síðari málsliður 33. gr., eins og hann er nú í lögum,



er óþarfur, þar sem nefndir hafa þá heimild, sem þar greinir, samkvæmt almennum ákvæðum frv.

#### Um 34. gr.

Í norrænum barnaverndarlögum eða sifjalöggjöf eru ýtarleg ákvæði um fóstur barna. Er þar bæði áskilið samþykki barnaverndarnefndar, mælt fyrir um eftirlit af hendi barnaverndarnefnda með slíkum börnum og sett ákvæði um, að unnt sé að sporna við flutningi barns frá fósturheimili, er nefnd telur það heppilegast fyrir hagi barns, að það sé kyrrt hjá fósturforeldrum. Í 34. gr. laga nr. 29/1947 eru ekki almennt ákvæði um þetta efni, heldur aðeins um einn afmarkaðan þátt, en ljóst er, að samkv. 1. gr. laganna ber barnaverndarnefndum að hafa almennt eftirlit með fósturbörnum, ekki síður en öðrum börnum.

Fóstur barna er mjög algengt hér á landi og hefur verið það um langan aldur. Ættleiðingar eru hins vegar tiltölulega nýlegt fyrirbæri. Ættleiðingin skapar í sjálfu sér festu um tengslin milli barns og foreldris, en fóstur felur oft í sér lausara samband, þannig að í upphafi hefur ekki verið stofnað til þess, að barn skyldi vistast með fósturforeldrum, nema um takmarkaðan tíma eða unnað réðist. Uppeldis- og tilfinningatengslin geta hins vegar verið allt eins rík, þótt fóstur sé aðeins til að dreifa, en við fóstursamband eru aðeins tengd fá lagaáhrif, þar sem ættleiðingin er hins vegar mjög áhrifarík gervingur að lögum.

Eftir því sem þjóðfélag vort stækkar, verður þörfin ríkari á því, að sérstakt eftirlit sé haft með því, er börnum er ráðstafað til fósturs. Orkar ekki tvímælis, að virkast er til árangurs að kanna málið þegar í upphafi og áskilja, að enginn geti tekið barn til fósturs, nema leyfi barnaverndarnefndar komi til, og á hinn veg að leggja bann við því, að handhafi foreldravalds ráðstafi barni til fósturs, nema til aðilja, er fengið hefur leyfi barnaverndarnefndar í þessu skyni. Er lagt til, að þessar reglur verði lögfestar með 1. og 2. málsgrein 34. gr., og eru ákvæði þessi nýmæli í íslenskum rétti. Er nefndum boðið að kynna sér gaumgæfilega hagi og uppeldishæfi væntanlegra fósturforeldra og hagi barns o. fl. Nefndinni eru sett þau leiðbeiningarsjónarmið, að samþykki verði ekki veitt til að hafa barn í fóstur, nema tryggilegt þyki, að barn njóti góðrar aðhlynningar og uppeldis á fósturheimili og ekkert sérstakt geri varhugavert að fallast á umsóknina.

#### Um 34. gr. a.

Í 1. málsgrein er rætt um það, er nefnd kemst að því, að þeir, sem hafa barn í fóstur, vanræki uppeldi þess, atlati eða aðbúnað, og er þá mælt fyrir um úrræði, m. a. þau, er greinir í 26. gr. frv. Í norrænu lögunum eru settar allvíðtækar reglur um stöðugt eftirlit af hálfu barnaverndarnefnda með fósturbörnum. Nefndin hefur talið varhugavert að lögfesta slík ákvæði að svo stöddu hér á landi, enda hefur ekki verið sýnt fram á, að sérstök þörf sé á slíku eftirliti, með því að yfirleitt mun talið, að vel fari um fósturbörn hér á landi. Nefndin er þeirrar skoðunar, að hér henti bezt að láta sitja við hin almennu ákvæði barnaverndarlaga um eftirlit með aðbúð og uppeldi barna, enda er hætt við, að víðtækt eftirlit með heimilum fósturforeldra drægi úr því, að menn tækju að sér börn til fósturs, en slíkt væri til tjóns fyrir þjóðfélagið í heild sinni. Hér gilda þó sérstök sjónarmið um börn, sem ráðstafað er til fósturs af hendi barnaverndarnefndar. Nefndin ber beinlínis ábyrgð á því, hvernig til tekst um slík börn, og því er lögð skylda á barnaverndarnefndir, þegar svo stendur á, að fylgjast með högum barns, sbr. 2. málsgrein. Auk þess er nefnd boðið að vanda til vals á fósturheimili, sbr. og að sinu leyti 4. málsgrein 38. gr. framfærslulaga nr. 80/1947.

Í 16. gr. laga nr. 87/1947, um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna, segir, að jafnan sé barnaverndarnefnd rétt að úrskurða, að óskilgetið barn, sem er í fóstur, skuli vera kyrrt hjá fósturforeldri, ef þar fer vel um það, enda þótt sá, sem foreldraráð hefur yfir barninu, kalli eftir því. Einnig er í þessu sambandi rétt að benda á ákvæði 17. gr. framfærslulaga, þar sem rætt er um þau tilvik, er lögskyldur fram-

færslumaður eða sveitarstjórn hefur ráðstafað barni í fóstur, með ákveðinni meðgjöf umfram barnalífeyri, „og er þá eigi heimilt að taka barn frá fósturforeldri, hafi það dvalið þar eigi skemur en þrjú ár, ef þar fer vel um það að dómi barnaverndarnefndar eða skólanefndar, þar sem barnið dvelur, og fósturforeldrarnir vilja halda því, enda krefjist þeir ekki hærri meðgjafar með barninu en lögboðins barnalífeyris“.

Á síðustu árum hefur nokkrum sinnum reynt á þá aðstöðu í dómsmálum, að handhafi foreldravalds kalli eftir barni, sem verið hefur í fóstri. Hafa börn þá jafnaðarlega verið hjá vandabundnu fólki. Í öllum þessum tilvikum, sbr. hrd. XIII, bls. 181, XXVIII, bls. 428, XXIX, bls. 651, XXX, bls. 56, XXXIII, bls. 349, hefur legið fyrir álit barnaverndarnefndar og barnaverndarráðs, sem lagt hafa gegn flutningi, með því að flutningur væri varhugaverður fyrir sálarlíf barnsins. Oft hefur og verið stuðzt við umsagnir sérfræðinga í sálfræði og uppeldisfræðum, er gengið hafa í sömu átt. Hafa úrslit þessara mála allra orðið þau, að hrundið hefur verið kröfu um afhendingu barns gegn vilja þess. Í einu þessara mála var um skilgetið barn óskilinna foreldra að ræða, í einu um skilgetið barn skilinna foreldra, en endranær voru börnin óskilgetin. Í tveimur tilvikum var tilætlunin að flytja börn úr landi. Þegar þessi vandasömu mál eru virt, virðist nefndinni tímabært að setja almennt ákvæði um þetta efni, þ. e. ákvæði, er ekki sé einskorðað við óskilgetin börn, heldur taki einnig til skilgetinna barna. Hefur verið hallazt að því að halda orðalagi 16. gr. laga nr. 87/1947 að efni til, með því að allviðtæk dómvenja er fengin um það ákvæði. Ljóst er, að barnaverndarnefndum ber í þessu efni sem öðrum að hafa að leiðarljósi, hvað barni er fyrir beztu, sbr. almenna ákvæðið í 16. gr. 3. málsg. frv. Þykir ekki þörf á að áréttta það hér, sbr. hins vegar norsku lögin, þar sem segir, að kröfu skuli hrundið, ef ekki sé eðlileg ástæða til flutnings barns og ætla meg, að hann geti orðið skaðlegur fyrir barnið.

Að undanförunu hefur þótt vafalaust, að dómstólar eigi úrlausn mála sem þessara, þótt barnaverndarnefnd eða barnaverndarráð hafi skorið úr þeim fyrir sitt leyti, og er ekki ætlunin að gera neina breytingu á því með þessum nýju ákvæðum.

Ákvæði 17. gr. framfærslulaga, sem reifað var hér að framan, er byggt að verulegu leyti á öðrum sjónarmiðum en þeim, sem búa að baki lokaákvæði 34. gr. frv. Er þar tekið allt of mikið tillit til fjárhagslegra atriða. Virðist eðlilegast að fella 17. gr. algerlega niður og láta framangreint ákvæði frv. eitt duga.

Til athugunar kom að setja ákvæði, er skyldar fósturforeldra til að tilkynna flutning sinn til barnaverndarnefnda, enda mundi slík tilkynningarskylda væntanlega greiða fyrir eftirliti af hendi barnaverndarnefndar. Á móti því mælir aftur, að varhugavert er að setja fósturforeldrum almennt harðari kosti en öðrum uppalendum, svo og hitt, sem fyrr greinir, að eftirlit með fósturforeldrum á ekki að verða jafnríkt og er eftir norrænu lögunum.

Eftir norrænu lögunum eru óskilgetin börn yfirleitt undir sérstakri vernd og forráðum barnaverndarnefndar. Hér á landi þykir ekki sérstök þörf á slíkri tilhögun. Mikill fjöldi óskilgetinna barna hlýtur síðar réttarstöðu skilgetinna barna vegna eftirfarandi hjúskapar foreldra, og aðstaða og afkoma einstæðra mæðra er tvímælalaust hægari hér á landi en víðast hvar erlendis.

#### Um 35. gr.

Hér er m. a. lögð til sú breyting, að barnaverndarnefndum er gert að skyldu að hafa eftirlit með sumardvalarheimilum í umdæmi sínu. Fara þessi heimili nú mjög í vöxt, og hefur reynslan sýnt, að full þörf er á að hafa eftirlit með þeim.

Í öðru lagi er sú breyting, að barnaverndarnefnd er gert að skyldu að hafa eftirlit með barnaheimili, þótt það sé utan umdæmis þess, ef það er rekið af aðilja í umdæmi þess, t. d. af sveitarstjórn. Slík heimili verða þá bæði undir eftirliti barnaverndarnefndar í umdæmi, þar sem heimili er staðsett, svo og nefndar í heimilisumdæmi manns eða stofnunar, sem rekur heimilið. Þykir óhjákvæmilegt að hafa þennan hátt á, og ber brýna nauðsyn til að kveða á um þetta í lögum til þess

að taka af tvímæli. Þá er einnig lögð eftirlitsskylda á nefnd um að fylgjast með högum barna, er ráðstafað kann að hafa verið úr umdæmi hennar í barnaheimili í öðru umdæmi. Reynslan hefur leitt í ljós, að full þörf er á slíku ákvæði.

Um 36. og 37. gr.

Það er reynsla hvarvetna um lönd, að barnaverndarstarfsemi missi marks, ef hún hafi ekki að bakhjalli ýmsar stofnanir, er tekið geti við börnum og ungmennum, sem vista þarf um lengri eða skemmri tína. Er þar fyrst að geta athugunarstöðva. Um þær eru ákvæði í 36. gr. gildandi laga, þar sem boðið er, að ríkisstjórn skuli koma á fót og starfrækja slíka stöð eða stöðvar, að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Slík athugunarstöð hefur verið rekin á annan áratug í Elliða-hvammi. En það er hvort tveggja, að hún er lítil (þar mun vera hægt að vista 8 börn) og húsnæði óhaganlegt og raunar óhæft. Verður hið fyrsta að fá þessari stofnun annað og betra húsnæði. Lagt er til, að 36. gr. sé breytt svo, að skylda ríkisstjórnar um að stofnsetja og reka slíkar stöðvar verði gerð fortakslausari en nú er.

Í 37. gr. núgildandi laga er rætt um stofnanir fyrir börn og ungmenni, sem framið hafa lögbrot eða eru á annan hátt á glapstigum. Er boðið að setja þær á stofn, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, og skal önnur vera fyrir drengi, en hin fyrir stúlkur. Er nú ákvæði um þetta í 1. málsg. 37. gr. frv. og er þar lagt til, að skylt sé fyrir ríkisstjórn að hefjast handa í þessu efni.

Framkvæmdir á grundvelli 37. gr. hafa orðið með þeim hætti, að heimili fyrir drengi var stofnað í Breiðavík árið 1953 og er unnt að vista þar 16 drengi. Hefur það gegnt mikilvægu hlutverki, þótt það hafi aldrei verið svo úr garði gert sem æskilegt er. Aðstaða fyrir starfsfólk hefur og ávallt verið örðug, og hefur það m. a. valdið því, að verr hefur haldizt á starfsfólki en ella mætti vænta. Annað heimili fyrir drengi þarf að stofna hið allra fyrsta. Við staðsetningu þess og allan búnað er mikilvægt, að menn færi sér í nyt þá reynslu, sem fengið hefur af heimilinu í Breiðavík.

Um heimili fyrir telpur, sem framið hafa lögbrot eða lent á glapstigum, er það skemmst af að segja, að þrátt fyrir miklar umræður og margendurteknar tillögur barnaverndaryfirvalda, hefur slíkt heimili enn ekki verið stofnað, þrátt fyrir setningu laga nr. 20/1955, en þar segir svo í 1. gr.: „Hefja skal undirbúning að stofnun og rekstri vistheimilis fyrir stúlkur. Ríkisstjórninni er heimilt að leita eftir hentugu húsnæði, sem til kann að vera, fyrir vistheimili og gera samning um afhendingu þess og afnot. Enn fremur er henni heimilt að taka til þessara nota húsnæði, sem ríkið á eða hefur umráð yfir.“ Verður nú með engu móti slegið á frest að hefjast handa um stofnun þess konar heimilis, og því miður hefur þróun síðustu ára verið á þá lund, að með ári hverju verður þörfin æ brýnni. Með því að ákvæði 1. málsg. 37. gr. frv. eru allsendis fortakslaus, þykir ekki þurfa að taka ákvæði laga nr. 20/1955 upp í greinina, enda er það framkvæmdaratriði, hvernig ríkisstjórn framfylgi ákvæði þessarar greinar, ef að lögum verður.

Í 2. málsg. er lagt til, að það nýmæli verði lögfest, að hvert heimili, sem hér um ræðir, skuli hafa sérstaka stjórnarnefnd, 3–5 manna, skipaða af ráðherra, að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Skal nefndin hafa nákvæmt og stöðugt eftirlit með rekstri heimilis, aðbúð og uppeldi barna þar og aðstoða forstöðumann við stjórn heimilis. Er þess að vænta, að slík stjórnarnefnd geti haft verulegt gildi. Bæði stuðlar hún að hæfilegum rekstri heimilis og fylgist með aðbúnaði barna og auk þess getur hún orðið starfsfólki til uppörvunar og liðsinnis.

Í 3. málsg. er það nýmæli sett, að líkamlegum refsingum skuli ekki beita í slíkum stofnunum sem þessum. Þetta ákvæði girðir vitaskuld ekki fyrir, að beitt sé úrræðum til að halda uppi aga í stofnun.

Í sambandi við 1. málsg. 37. gr. ber að hafa í huga, að samkvæmt 43. gr. alm. hegningarlaga frá 1940 ber að reisa sérstakt fangelsi fyrir unglinga innan 22 ára aldurs, sbr. nú lög um fangelsi nr. 18/1962, 4. gr. Er ljóst, að hér er um tvenns

konar stofnanir að ræða. Þá er einnig rétt að henda á, að ýmissa annarra stofnana er þörf en þeirra, sem getið er um í 36. og 37. gr., svo sem stofnana fyrir börn og ungmenni, sem ekki rækja skóla sinn með viðunandi hætti, taugaveikluð börn, gáfnasljó börn, andlega vanþroska börn og ungmenni, svo og skólaheimili fyrir börn, sem eru frá heimilum, sem varhugavert er að þau dveljist á um skamman eða langan tíma. Um forsjárlausu börnin og þau, sem ekki eiga að viðunandi heimilum að hverfa, má nefna vöggustofuna á Hlíðarenda, vistheimilið á Silungapölli fyrir börn 3—7 ára og vistheimilið í Reykjahlíð fyrir börn á aldurs skeiði 7—12 ára, svo að minnst sé á aðstöðuna í Reykjavík. Einnig má minna á átætlanir, sem fram hafa verið lagðar af Reykjavíkurbæ, um stóreflingu barnaheimila á vegum borgarinnar.

#### Um 38. gr.

Í þessari grein gætið lítt breytinga frá gildandi lögum. Þó er gert ráð fyrir, að sveitarstjórn og barnaverndarnefnd semji um fjárhæð framfærslueyris. Ef ágreiningur verður milli þeirra aðilja, sem hér koma við mál, þ. e. framfæranda barns eða ungmennis og sveitarstjórnar og barnaverndarnefndar, sker menntamálaráðuneytið úr til fullnaðar.

Í 2. mgr. er nýmæli, sem lýtur að kostnaði, sem barnaverndarnefnd kann að hafa af hvers konar ráðstöfun barna og ungmenna úr öðrum umdæmum. Skulu sveitarstjórnir í framfærslusveit barns eða ungmennis endurgreiða þær fjárhæðir, nema lög mæli öðruvísi.

#### Um 39. gr.

Í íslenzku barnaverndarlögunum fjallar 39. gr. um vinnuvernd barna og ungmenna. Viðast hvar eru slík ákvæði ekki í barnaverndarlögum, heldur heildarlögum um vinnuvernd. Hér er slíkri heildarlöggjöf um vinnuvernd ekki til að dreifa, en í ýmsum ákvæðum laga, sem fjalla um þetta efni, er vikið að vinnuvernd barna og ungmenna. Má þar nefna lög um öryggisráðstafanir á vinnustöðum nr. 23/1952, einkum 8. og 21. gr., sjómannalög nr. 67/1963, 10. gr., sjá einnig lög um lögræði nr. 95/1947, 30. gr. Getið má hér einnig alþjóðasamninga, er Ísland hefur bundizt, sbr. alþjóðasamþykkt um lágmarksaldur kyndara og kolamokara, auglýsing nr. 73/1956, og lágmarksaldur barna við sjómennsku, auglýsing nr. 74/1956.

Að svo komnu máli virðist vera réttmætt að setja ákvæði um vinnuvernd barna og ungmenna í barnaverndarlög, þótt barnaverndarnefndir hafi örðuga aðstöðu með að fylgjast með því, að farið sé eftir þeim ákvæðum. Mikill vandi er á höndum, er orða á ákvæði þessi. Annars vegar er á það að líta, að börnum og ungmennum er vissulega mikil þörf á vinnuvernd. Hins vegar er mikil ásókn á vinnu af hendi barna og ungmenna og forráðamanna þeirra fyrir þeirra hönd. Verður því einnig að hafa í huga, að ákvæði um þetta efni verði með þeim hætti, að líkindi séu til, að unnt verði að framfylgja þeim.

Telja verður óráðlegt og raunar ógerlegt að setja viðtæk ákvæði um þetta efni í sjálfan lagatextann. Hitt er hyggilegra að hafa almenn ákvæði í lögum og setja síðan reglugerðir til fyllingar þessum ákvæðum. Er það sú stefna, sem tekin er í 39. gr. laganna, eins og hún nú er orðuð. Veitir greinin svigrúm til að koma að viðtækum ákvæðum, sem sporni við því, að ungmennum séu ofþjakað með vinnu.

Í frv. eru ýmsar breytingartillögur frá lögum nr. 29/1947. Í fyrsta lagi er heimilað að leggja bann við því, að börn og unglingar vinni með tækjum eða umgangist tæki, er slysaætta stafar af. Sama gildir um vinnu, sem hefur á annan hátt slysaættu í för með sér. Þau hörmulegu slys, sem orðið hafa á síðustu árum, fyrir það að börn eða ungmenni hafa unnið með tækjum, sem sérstök slysaætta stafar af, gera það mjög brýnt, að sett verði bannákvæði sem þessi. Í öðru lagi er lagt til, að reglugerðarheimildin verði einnig látin ná til ákvæða, er sporni við yfirvinnu, næturvinnu og helgidagavinnu barna og ungmenna og kveði á um, að læknisskoðun fari eftir atvikum fram til úrlausnar um það fyrir fram, að vinna sé ekki barni eða ungmenni um megn. Styðst þessi tillaga við auðsæ rök.

Í þriðja lagi er lagt til, að bætt verði við 4. málsg. ákvæði um heimild til setningar reglugerðar um störf, sem siðferði barna getur stafað hætta af, og verður heimild til setningar reglugerðar þá örhlíð rýmri en nú er.

Loks er þess að geta, að í 2. málsg. 39. gr. er breytt ákvæðunum um ráðningu ungmenna til starfa á skipum, og eru þau færð til samræmis við 10. gr. sjómanna-laganna nr. 67/1963. Eru ákvæðin þá í fullu samræmi við alþjóðasamþykktir þær, er Ísland hefur bundist á þessu sviði, sbr. auglýsingu nr. 73 og 74 frá 1956. Við 10. gr. sjómanna-laganna er hér bætt orðinu „æfingaskipi“ eftir skólaskipi, sbr. einnig um það atriði orðalag fyrrgreindra samþykktu. Þá er það nýmæli í 39. gr., að eigi megi ráða karlmann yngri en 15 ára og eigi konu yngri en 18 ára til starfa í loftfari. Virðist nefndinni, sem samdi frv., vera þörf á að setja slíkt ákvæði, þar sem ákvæði 30. gr. laga nr. 95/1947, um lögræði, er bannar að ráða ósjálfráða unglunga til starfa m. a. í loftfari án samþykkis þeirra, getur ekki talizt fullnægjandi. Hitt er álitamál, hvar setja eigi þessi aldursmörk, og gildir það að sjálfsögðu ekki síður um vinnu í verksmiðjum og skipum. Bent er á, að 30. gr. lögræðislaga nr. 95/1947 heldur gildi sínu þrátt fyrir breytingar þær, sem hér er lagt til, að gerðar verði á lögum um vernd barna og ungmenna.

Rétt þykir að benda á, að fyrir síðasta Alþingi lá tillaga til þingsályktunar um vinnuvernd barna og ungmenna.

#### Um 39. gr. a.

Samkvæmt barnaverndarlögum svo og ýmsum öðrum lögum og reglum, svo sem lögreglusamþykktum, áfengislögum o. fl., er boðið, að hafa skuli virkt eftirlit með börnum og ungmennum inuan tiltekins aldurs, sem getur verið allt að 18 árum. Þeir aðilar, sem falið er eftirlit þetta, eiga næsta örðugt með að rækja það, nema ungmennum sé gert að skyldu að hafa meðferðis aldursskilríki. Ella er hætt við sífelldu þrefi um aldur ungmenna, og standa eftirlitsmenn þar illa að vígi, ef aldursskilríki er ekki til að dreifa, sem sker úr í þessu efni. Útgáfa slíkra aldursskilríkja vekur og frekari athygli en nú er á þeim reglum, sem að ofan greinir, enda væri sjálfsagt að greina þær stuttlega á aldursskilríki. Skilríkin hafa í sjálfu sér varnaðargildi. Slík aldursskilríki eru jafnframt persónuskilríki, sem að góðu gagni getur komið vegna almennrar löggæzlu og sem almennt sönnunargagn fyrir því, hver aðili sé.

Á það skal bent, að skv. lögum nr. 10/1942 um notkun vegabréfa innanlands getur ríkisstjórnin fyrirskipað, að allir karlar og konur, 12 ára og eldri, skuli bera vegabréf. Ekki þykir ástæða til að fella þessi lög úr gildi, þótt framangreint ákvæði verði í lög tekið, enda er gildissvið laga nr. 10/1942 miklu víðtækara en 39. gr. a frv. þessa og öðrum þræði reist á öðrum lagarökum en sú grein.

#### Um 40. gr.

Hér er rætt um það verkefni barnaverndarnefnda að vinna gegn áfengisneyzlu barna og ungmenna. Í 40. gr. gildandi laga er nefndunum boðið að aðstoða í því efni áfengisvarnarnefnd í umdæmi sínu. Þetta boð er almenns eðlis og sérgreinir ekki, í hverju þessi aðstoð skuli vera fólgin. Er hér lagt til, að bætt sé við greinina orðunum „og m. a. stuðla að því, að þeir, sem veita eða selja þeim (þ. e. börnum og ungmennum) áfengi, sæti ábyrgð lögum samkvæmt“. Er þetta ákvæði sett m. a. eftir ábendingu barnaverndarnefndar Reykjavíkur.

#### Um 41. gr.

41. gr. í gildandi lögum fjallar um eftirlit með skemmtunum og kvikmyndasýningum. Hér er lagt til, að ákvæðin um eftirlit með kvikmyndum sé numið úr greininni og séu sett um það ákvæði sér í lagi, sbr. VI. kafla frv., og fjallar 41. gr. frv. þá aðeins um eftirlit með skemmtunum öðrum en kvikmyndasýningum. Slíkt eftirlit með skemmtunum og kvikmyndasýningum er víðast hvar annars staðar í höndum annarra aðilja en barnaverndarnefnda, en naumast er annars úrkosta hér

#### Um 54. gr.

Hér er mælt fyrir um málskot til barnaverndarráðs, hverjir hafi aðild málskots og um málsmeðferð. Um aðild máls hefur það verið rætt, hvort rýmka ætti aðild til málskots með þeim hætti, sem er í ýmsum erlendum lögum, að minni hluti nefndarmanna í barnaverndarnefnd geti einnig skotið máli til ráðsins. Ekki þótti þó vert að taka upp þá nýbreytni að svo stöddu. Um málsmeðferð fyrir barnaverndarráði er vísað til 14., 15., 16. og 20. gr. frv., eftir því sem við getur átt. Er auðsætt, að miklu máli skiptir, að vandað sé til allra ákvarðana barnaverndarráðs svo sem frekast eru föng á.

Í 2. málsgr. er endurtekin sú regla 54. gr. gildandi laga, að málskot til barnaverndarráðs fresti ekki framkvæmd ákvörðunar barnaverndarnefndar, en bætt er við því ákvæði, að þegar sérstaklega stendur á, geti barnaverndarráð þó ákveðið, að framkvæmd ályktunar barnaverndarnefndar skuli frestað, unz ráðið hefur fellt úrskurð sinn. Eru tvímælalaus rök til þess, að slík undantekningarregla sé gerð, enda mun það oft vera svo í reyndinni, að ekki verður úr framkvæmd ákvörðunar, fyrr en barnaverndarráð hefur fjallað um mál.

3. málsgr. fer með nýmæli, og er þar kveðið á um, hvernig aðstaða barnaverndarráðs sé, er það fær mál til meðferðar, er barnaverndarnefnd hefur fjallað um. Segir þar, að ráðið skuli meta bæði sönnunargögn máls og lagahlið þess. Þá er mælt fyrir um aðgerðir ráðsins, það getur ýmist staðfest úrskurð eða hrundið honum að nokkru eða öllu og er óbundið af niðurstöðum nefndar um val á úrræðum. Ráðið getur einnig vísað málinu að nýju til meðferðar í barnaverndarnefnd svo og aflað gagna sjálft fyrir atbeina barnaverndarnefnda eða með öðrum hætti. Þessi talning er ekki tæmandi, en ætti þó að hafa verulegt leiðbeiningargildi.

Í 4. málsgr. er barnaverndarráði boðið að láta mál til sín taka, ef það verður þess áskynja, að nefnd hafi hagað sér lögum andstætt, þótt máli hafi ekki verið til þess skotið. Er þessi málsgrein nánari áréttning á ákvæði 1. málsgr. 51. gr.

#### Um 55. gr.

Þetta er nýtt ákvæði, sem mælir fyrir um setningu reglugerðar um starfsháttu barnaverndarráðs, þ. á m. um boðun funda, bókun fundargerða, boðun varamanna, verkaskiptingu innan ráðs, um starfsmenn ráðsins og skrifstofuhald þess.

#### Um 56. gr.

Svo sem greint var í athugasemdum við 41. gr. frv., er ætlunin að setja heildarákvæði um skoðun kvikmynda í sérstaka grein, 56. gr. frv. Er í grein þessari mælt fyrir um skipun 3—5 þar til hæfra skoðunarmanna til 5 ára í senn til þess að framkvæma skoðun kvikmynda. Kvikmyndaskoðun fer fram í Reykjavík, og gilda úrlausnir skoðunarmanna hvarvetna á landinu. Eru barnaverndarnefndir bundnar við þær. Um skoðunarmenn er svo fyrir mælt, að þeir skuli ekki vera eldri en 65 ára, og tilnefnir ráðherra þá, að fengnum tillögum barnaverndarráðs. Umsýslu þeirra er svo lýst, að þeir skuli meta, hvort mynd geti haft skaðleg áhrif á siðferði eða sálarlíf barna eða á annan hátt. Skal meta sér í lagi, hvort mynd sé hæf til sýningar fyrir börn innan 12 ára, og í annan stað, ef hún mezt óhæf, þá hvort hún sé hæf til sýningar börnum á aldursskeiði 12—16 ára. Tekið skal fram, að engu máli skiptir í þessu sambandi, hvort barn er í fylgd með fullorðnum á sýningu — ef myndin er óhæf til sýningar barni á tilteknu aldursskeiði, þá er þar með fyrir það girt, að barn hafi leyfi til að sjá myndina.

Um starfshætti skoðunarmanna eru nánari ákvæði í greininni. Skulu tveir skoðunarmenn hið fæsta skoða mynd hverju sinni. Ef þá greinir á, skal kveðja hinn þriðja til, eftir reglum, sem settar verða í reglugerð, og ræður síðan meiri hluti, hver ákvörðun verði gerð um mynd. Um gjald vegna skoðunar er sú regla endurtekin, sem nú er í 41. gr. laga nr. 29/1947, að sá greiði kostnað, sem beiðist skoðunar. Er eðlilegt, að hér komi til verulegt gjald af hendi innflytjenda kvikmynda,

á landi en að leggja þetta almenna skemmtanaeftirlit í hendur þeirra áfram. Að sjálfsgöðu er verulegur þáttur þess eftirlits í höndum löggæzlumanna í reyndinni, enda hafa barnaverndarnefndir hvergi yfir starfsliði að ráða, sem gegnt gæti slíku verkefni að nokkru gagni. Sú tilhögun að fela nefndunum þetta almenna eftirlit hefur þó það gildi, að nefndirnar eiga aðild að málinu almennt og geta haft uppi athugasemdir, eftir því sem þær telja efni til, og geta skapað nokkurt aðhald að þessu leyti.

Um 42.—44. gr.

Í þessum greinum gætir engra breytinga, sem máli skipta. Orðið „hættulega“ í 1. málsgr. 44. gr. er numið burtu, með því að því er ofaukið. Æskilegt er, að barnaverndarráð hlutist til um setningu reglugerða samkv. 42. gr. í þeim umdæmum, þar sem þær eru ekki til nú þegar.

Um 45.—47. gr.

Í 45. og 47. gr. er tilvitnun til 64. gr. almennra hegningarlaga felld brott, með því að sú grein var niður felld með lögum nr. 22/1955.

Um 48. gr.

Hér er mælt fyrir um ályktunarfæri barnaverndarráðs og hvenær tillögur nái samþykki þar. Áskilinn er aukinn meiri hluti til samþykkta, er varða þær meiri háttar ráðstafanir, er greinir í 13. gr. frv., og þurfa þá fjórir af fimm ráðsmönnum að fylgjast að máli.

Um 49.—50. gr.

Þær eru óbreyttar frá gildandi lögum.

Um 51. gr.

Í 1. málsgr. er bætt inn því ákvæði, að barnaverndarráð geti lagt fyrir barnaverndarnefnd að framkvæma sérstakar ráðstafanir í máli, hvort sem nefnd hefur áður fjallað um það eða ekki.

Í 2. málsgr. er það nýmæli, að barnaverndarnefndum er gert að skyldu að framkvæma samþykktir barnaverndarráðs, nema framkvæmd þeirra heyrir undir önnur stjórnvöld. Þykir glegggra að hafa beint ákvæði um þetta efni í lögnum, þótt segja megji, að samkv. almennri tilhögun laganna og stöðu barnaverndarnefnda andspænis barnaverndarráði felist þetta í lögnum.

Í 3. málsgr. er sem fyrr greinir ákvæði um tengslin milli barnaverndaryfirvalda annars vegar og löggæzlu- og dómsvalds hins vegar. Að undanfögnu hefur gætt verulegrar óvissu um framkvæmdir á ákvörðunum barnaverndaryfirvalda, og ber nauðsyn til að setja skýra reglu um það efni. Er hér lagt til, að valdbeiting til þess að framfylgja ákvæðum sé í höndum fólga almennt, en þó ef brýna nauðsyn ber til í höndum lögreglu. Þegar til slíkrar valdbeitingar kemur, er þó boðið, að ávallt skuli vera viðstaddur fulltrúi frá barnaverndarnefnd eða barnaverndarráði. Á þetta getur alloft reynt, svo sem við töku barns af heimili foreldra, töku barns af fósturheimili, eða þegar fjarlægja á mann af heimili, sbr. 27. gr., eða þegar flytja á barn á stofnun að óvilja þess o. fl.

Um 52. gr.

Sú ein breyting er hér lögð til, að hækkuð eru fjármörk dagsekta úr 5—20 kr. í 50—100 kr.

Um 53. gr.

Lagt er til, að sumardvalarheimilum sé bætt inn í talningu á barnaheimilum, er barnaverndarráð hefur yfirumsjón með. Enn fremur er sú breyting gerð um fyrirkomulag eftirlits, að í gildandi lögum er talað um, að fela skuli einum ráðsmanna þetta eftirlit, en haganlegra þykir að hafa svigrúm til að fela einum eða fleiri ráðsmanna þetta eftirlit.

og er þessu gjaldi ekki ólíkt farið og gjaldi vegna annars opinbers eftirlits, svo sem samkvæmt lögum um lyfjasölu, eftirlit með skipum, öryggiseftirlit o. fl. Hins vegar ber barnaverndarnefnd að fylgjast með því almennt, að hanni gegn sýningum kvikmynda sé fylgt, og gera lögreglu viðvart, ef út af er brugðið.

Um 57. gr.

Hér er tekið upp ákvæði 1. gr. laga nr. 58/1962, um breytingu á lögum nr. 29/1947, að því er varðar rannsókn og meðferð mála út af brotum á lögnum. Fer sú málsmeðferð að hætti opinberra mála.

Um 58. gr.

Það var reifað hér að framan, hve miklu máli það skipti, að barnaverndaryfirvöld hefðu vel menntuðu starfslíði á að skipa. Í þessari grein er veitt heimild til þess fyrir barnaverndarráð að efna til fyrirlestra og námskeiða fyrir meðlimi barnaverndarnefnda svo og starfsfólk þeirra. Hér er fyrst og fremst haft í huga, að komið sé við einstökum fyrirlestrum eða fyrirlestraflokkum um barnaverndarmálefni og námskeiðum um þau. Gæti barnaverndarráð sjálft staðið fyrir þeim eða haft samráð við aðrar stofnanir, ef betur þætti henta, svo sem Háskólann, Kennarskólann og Fóstruskólann. Þess konar fræðslustarfsemi, sem öðrum þræði gæti falið í sér málfundi um barnaverndarmál, þar sem menn skiptust á skoðunum um einstök úrræði svo og miðluðu hverjir öðrum af reynslu sinni, getur vafalaust haft mikið gagn.

Um 59. gr.

Lög nr. 20 1955 eru hér felld úr gildi, sbr. athugasemdir við 37. gr., og lög nr. 58 1962, sbr. athugasemdir við 57. gr. Að öðru leyti hefur greinin að geyma reglur um framkvæmd mála vegna gildistöku hinna nýju ákvæða, ef að lögum verða.“